# FRÉTTABLAÐIÐ

181. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 7. ÁGÚST 2019




Meðlimir Mustang-klúbbsins á Íslandi óku í gær úr Hafnarfirði á Bessastaði þar sem skoðaðar voru fornminjar og gamlir forsetabílar. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ræddi við hópinn. Hafði hann á orði að hann gæti ekki mælt með því af umhverfisástæðum að allir Íslendingar eignuðust Mustang þó að bílarnir væru hið fínasta áhugamál. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri Mustang-myndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Ríkisstjórnin ræðir jarðakaup

**Sveitarstjórnarráðherra segir að jarðakaup útlendinga verði rædd í ríkisstjórn á morgun. Hafrannsóknastofnun staðfestir vísindasamstarf við Jim Ratcliffe.**

**UMHVERFISMÁL** Sigurður Ingi Jóhannsson sveitarstjórnarráðherra undrast seinagang starfshóps Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra um jarðakaup auðmanna.

„Ráðherrar munu ræða þessi mál á vinnufundi ráðherra á fimmtudag [á morgun] sem verður í Mývatnssveit sem og að rætt verður við sveitarstjórnarmenn á svæðinu. Mikilvægt er að lagafrumvarp komi fram næsta vetur,“ segir Sigurður Ingi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins styðja allflestir ráðherrar hert lög um eignarhald á jörðum.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að Jim Ratcliffe ætlaði sér í stórfellda uppbyggingu á Norðausturlandi til að vernda Atlantshafslaxinn. Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga, segir

> **Þessar framkvæmdir hafa ekki mikil áhrif á aðrar ár eða stofninn í heild sinni.**
>
> Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga



ekki ólíklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir Ratcliffes gætu haft jákvæð áhrif í þeim ám sem framkvæmdirnar snúa að. „Þessar framkvæmdir hafa ekki mikil áhrif á aðrar ár eða stofninn í heild sinni,“ bendir Jón Helgi hins vegar á.

Ratcliffe kveðst einnig ætla í langtíma vísindarannsóknir í samstarfi við Hafrannsóknastofnun. Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun, staðfestir að samningaviðræður séu í gangi milli Ratcliffes og stofnunarinnar. Stutt sé í að skrifað verði undir samkomulag. – sa / sjá síðu 4

## Ekki tíu bestu sem fóru áfram

**ÍÞRÓTTIR** Evert Víglundsson, yfirþjálfari og eigandi CrossFitReykjavík, er ekki hrifinn af framkvæmd heimsleikanna í CrossFit. Engin íslensk kona komsta á verðlaunapall í fyrsta sinn síðan 2013.

„Ég er 100 prósent á því að það voru ekki tíu bestu keppendurnir eftir þegar búið var að skera niður,“ segir Evert. – bbh / sjá síðu 12



Evert Víglundsson, eigandi CrossFit Reykjavík

## Þung högg gera stöðuna verri

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þessi högg sem við höfum fengið, gjaldþrot WOW air, aukinn kostnaður, gengisþróun og verkföll, hafa gert þessa fækkun talsvert skarpari en við hefðum viljað sjá,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, um 17 prósenta fækkun ferðamanna í júlí miðað við síðasta ár.



Halldór Kári Sigurðarson, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, segir fækkunina í takt við væntingar og spá Isavia frá því í júní. – ab / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Íslendinga eiga mikið í dönsku sigurlagi í Eurovision. 2

**SKOÐUN** Valdimar Víðisson skrifar um fjölgun hjúkrunarrýma í Hafnarfirði. 11

**FÓLK** Olga Katrín Davíðsdóttir hleypur fyrir litlu systur sína í Reykjavíkurmaraþoninu.

**LÍFIÐ** Uppistandarinn Snjólaug Lúðvíksdóttir tekur þátt í einni stærstu sviðslistahátíð heims, Fringe-hátíðinni í Edinborg. 22




**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðaustlæg eða breytileg átt 3-8 m/s, en 8-13 NV-lands. Skýjað með köflum og víða smá skúrir, en þurrt að kalla NV-til. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast SV-lands. SJÁ SÍÐU 16

# Spennan magnast




Þrír dagar eru þar til Ed Sheeran kemur fram á fyrri tónleikum sínum af tveimur á Laugardalsvelli. Strangar kröfur gilda um afhendingu aðgöngumiða og hefur verið opnuð sérstök Ed Sheeran verslun á annarri hæð Kringlunnar þar sem sækja má miða. Raðirnar lengjast nú dag frá degi. Miðað við veðurspár ættu tónlistargestir að draga fram hlýrri fötin sín. Gert er ráð fyrir aðeins 7 til 9 stiga hita tónleikakvöldin tvö. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Dæmt í máli Kristins gegn HR

**DÓMSMÁL** Í dag klukkan 14 verður kveðinn upp dómur í máli Kristins Sigurjónssonar gegn Háskólanum í Reykjavík. Kristinn starfaði sem lektor við tækni- og verkfræðideild skólans en var sagt upp störfum vegna ummæla hans um konur í lokuðum Facebook-hóp í október á síðasta ári.

Kristinn krefur skólann um tæplega 57 milljónir króna vegna uppsagnarinnar sem hann telur ólögmæta. Stefnan var birt 4. desember og var málið tekið fyrir í héraðsdómi í byrjun júní.

„Vandinn er bara að konur reyna alltaf að troða sér þar sem karlmenn vinna, og um leið og þær eru komnar inn, þá byrja þær að eyðileggja hann, því allir kalmennirnir eiga þá að fara að tala, hugsa og hegða sér eins og kerlingar,“ voru meðal ummæla sem höfð voru eftir Kristni í hópnum Karlmennskuspjallið.

> Allir kalmennirnir eiga þá að fara að tala, hugsa og hegða sér eins og kerlingar.

Kristinn Sigurjónsson í umdeildri færslu á Facebook



Eftir fréttaflutning DV um málið var Kristinn boðaður á fund mannauðsstjóra og gefinn kostur á að segja upp ellegar verða sagt upp.

Stefnan er byggð á því að Kristinn hafi réttindi opinberra starfsmanna, enda hafi hann starfað hjá Tækniháskólanum fyrir sameiningu við HR. Tiltekið er að Kristinn hafi ekki fengið skriflega áminningu og vísað er í tjáningarfrelsi hans. – khg



Tollskoðun á Seyðisfirði.

## Úrskurðir um varðhald standa

**LÖGREGLUMÁL** Lögmenn mannanna tveggja sem úrskurðaðir voru í tveggja vikna gæsluvarðhald á laugardag vegna fíkniefnafundar á Seyðisfirði kærðu úrskurðina ekki áður en þriggja daga frestur til þess rann út í gær. Þeir sitja því í varðhaldi til 17. ágúst að óbreyttu.

Mennirnir voru handteknir eftir að gríðar magn sterkra fíkniefna fannst í bíl sem þeir komu með á ferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar á fimmtudag. Lögreglan á Austurlandi sem rannsakar málið í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu hefur lítið viljað gefa upp um frekari kringumstæður í málinu til þessa þar sem það sé á viðkvæmu stigi. – gar

# Íslenskar tengingar í Eurovision-sigurvegara

**Danski kórinn Vocal Line vann Eurovision-keppni kóra um helgina. Þar sungu þau lag eftir Tinu Dickow sem býr á Íslandi. Einn Íslendingur er í kórnum og er hann að koma með kórinn í tónleikaferð til landsins í september.**

**SAMFÉLAG** Eurovision-keppni fyrir kóra fór fram í Gautaborg um helgina, þar sem 10 kórar frá jafnmörgum löndum kepptu sín á milli. Danski samtímakórinn Vocal Line bar sigur úr býtum en með kórnum syngur Gunnar Sigfússon, og er hann fyrsti Íslendingurinn til að ná þeim árangri að sigra í Eurovision.




„Þetta var mikil upplifun og erum eiginlega ekki komin niður á jörðina aftur ef ég á að vera hreinskilinn,“ segir Gunnar.

Gunnar er fyrsti Íslendingurinn sem syngur í Vocal Line en kórinn hefur verið starfandi í 28 ár. Vocal Line hefur þó um langt skeið haft ákveðna tengingu við Ísland, og sungið lög eftir Björk, Ásgeir Trausta og hjónin Helga Jónsson og Tinu Dickow, sem nú eru búsett á Íslandi.

Titillag síðustu plötu Vocal Line, True North, sem einnig var framlag kórsins í Eurovision, er eftir Dickow og tónlistarmyndband við lagið er unnið af íslenska ljósmyndaranum Gísla Dúa. Vegna þessara tengsla heldur kórinn nú loksins í langþráða tónleikaferð til Íslands til að leyfa Íslendingum að njóta tónlistarinnar.

„Ég byrjaði að syngja í kórnum fyrir fjórum árum og þá sagði kórstjórinn frá þessum tengingum. Þau höfðu verið að syngja mikið eftir Björk og Ásgeir Trausta og hann sagðist alltaf hafa viljað fara til Íslands. Nú þegar væri kominn Íslendingur í kórinn þá fannst honum tilvalið að fara og við erum búin að vera að skipuleggja þetta í rúmlega tvö ár,“ segir Gunnar.

Kórinn byrjar í Hofi þann 11. september og ætlar Gunnar að sýna kórmeðlimum land og þjóð á meðan þeir dvelja hér. Þau fara svo í Skálholt 12. september og enda í Silfurbergi 14. september. „Við förum norður í land og byrjum að taka einn dag í Mývatnssveit. Pabbi ætlar svo að bjóða í mat í Dalakofanum sem verður skemmtilegt,“ segir Gunnar sem á ættir að rekja í sveitina og fjölskylda hans á og rekur veitingastaðinn Dalakofann – þar sem gott er að stoppa.



Gunnar ásamt sjálfum Jon Ola Sand, framkvæmdastjóra EBU.

Eftir að hafa upplifað fegurð Norðurlands ætlar kórinn að keyra um Kjöl og enda í Skálholti. Þar verður gist áður en haldið verður til Reykjavíkur þar sem tónleikar verða með Vocal Project þar sem frændi Gunnars, Gunnar Benediktsson, er kórstjóri. benediktboas@frettabladid.is

### Sungu með Rolling Stones

Vocal Line er svokallaður a capella kór sem samanstendur af 30 söngvurum.

Vocal Line hefur frá upphafi haft það að markmiði að vera í fararbroddi á lands- og alþjóðavísu varðandi þróun á rytmískum kórsöng.

Í gegnum árin hefur Vocal Line öðlast mikla viðurkenningu fyrir starf sitt, bæði í Evrópu og víðar um heim og unnið til fjölda alþjóðlegra verðlauna, síðast European Voices Award fyrr á árinu og Eurovision nú um helgina.

Þá hefur Vocal Line notið þess heiðurs að syngja með heimsþekktum tónlistarmönnum á borð við Bobby McFerrin í New York og Rolling Stones á Hróarskelduhátíðinni.

Erum með mikið úrval af allskonar bílaverkfærum á frábæru verði!




Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17




**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA




## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 WAB air komið með skrifstofu og starfsfólk** Stofnendur WAB air hafa tryggt sér húsnæði fyrir nýtt íslenskt flugfélag og eru byrjaðir að ráða starfsfólk.

**2 Næst síðasta gleðiganga Páls Óskars í ár** Páll Óskar segir að gleðigangan 2020 verði hans síðasta. Ómögulegt sé fyrir heilvita mann að standa að vinnu og kostnaði við gönguna í yfir 20 ár.

**3 Þórunn Antonía eignast son** Söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir eignaðist dreng síðastliðinn fimmtudag.

**4 Biðröð langt út úr Ed Sheeran búðinni** Löng biðröð er í svokallaði Ed Sheeran búð í Kringlunni þangað sem fólk sækir miða á tónleikana næstu helgi.

**5 „Ofuráhersla á að upplýsa engan um málið“** Fólk sem keypti íbúð eldri borgara í Árskógum og átti að flytja inn um mánaðamótin fær ekki lyklana nema það samþykki að greiða sex milljóna króna viðbótarkostnað.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Segir útlit fyrir eindæmagott berjasumar

**NÁTTÚRA** „Þetta lítur með eindæmum vel út núna,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og berjaáhugamaður, um berjasumarið. Fregnir hafi borist af bláberjum og krækiberjum víða af vestanverðu landinu, allt frá Borgarfirði og norður í Reykhólasveit.

Sjálfur segist Sveinn Rúnar aðeins hafa verið í Borgarfirði og á Mýrum en þar séu þúfurnar orðnar bláar og svartar. „Þetta er auðvitað óvenju snemmt, það er ekki liðin vika af ágúst. Þessi blíða sem er búin að vera hérna í þrjá mánuði er auðvitað með eindæmum og það er nú annað hvort að lyngið skili sínu.“

Hann segir berin enn í smærra lagi en að þau eigi eftir að stækka. „Það er líka óvenjulegt að vera þetta snemma að úða í sig bláberjum sem eru orðin sæt eins og ég fékk hjá vinafólki í Borgarnesi um daginn.“

Þá segir hann að einnig sé við mjög góðu að búast á sunnanverðu landinu. Í fyrra varð nánast berjabrestur á Suður- og Vesturlandi en fín spretta á Norður- og Austurlandi. Sveinn Rúnar segist hræddur um að sprettan gæti orðið frekar treg á Austurlandi en gæti orðið þokkaleg á Norðurlandi, þótt berin þar verði eitthvað seinna á ferðinni.


Bláber og aðalbláber í Reykhólasveit eru komin nokkuð vel á veg. MYND/SIGPRÚÐUR GUNNARSDÓTTIR

Hann minnir á að það þurfi ekki að fara langt frá höfuðborgarsvæðinu til að komast í ber og nefnir til dæmis Kjósina, Esjuna, Grímsnes og Grafning. Eitthvað af berjum sé komið á þessa staði en berin eigi eftir að stækka.

„En það er ekkert of snemmt að fara í skoðunarferðir og tína upp í sig. Það er samt kannski of snemmt að fara að taka tínuna og stóru ílátin. Menn fara ekki að tína í bala núna.“ **– sar**

# Víðtæk áhrif á Atlantshafslax af áformum Ratcliffes ólíkleg

**Formaður Landssambands veiðifélaga telur ekki ólíklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir Jims Ratcliffe gætu haft jákvæð áhrif í þeim ám sem framkvæmdirnar snúa að. Hins vegar geri þær lítið fyrir stofninn í heild sinni. Sveitarstjórnarráðherra undrast seinagang í stjórnsýslunni og vill lagafrumvarp í haust.**

**UMHVERFISMÁL** Áform Jims Ratcliffe um að byggja laxastiga í laxveiðiám á Norðausturlandi og að hefja stórfelldar hrognasleppingar munu hafa jákvæð staðbundin áhrif á laxastofna sem nýta sér þær ár. Hins vegar mun það ekki hafa stórvægileg áhrif á Atlantshafslaxinn í heild sinni að mati formanns Landssambands veiðifélaga. Sigurður Ingi Jóhannsson sveitarstjórnarráðherra undrast seinagang starfshóps sem forsætisráðherra setti á laggirnar um stefnu varðandi jarðakaup auðmanna hér á landi.



Ratcliffe hyggst vernda Atlantshafslaxinn með því að byggja upp mannvirki í þremur ám. NORDICPHOTOS/AFP

Fréttablaðið sagði frá því í gær að Jim Ratcliffe ætlaði að fara í stórfellda uppbyggingu á Norðausturlandi til að vernda Atlantshafslaxinn sem hefur átt nokkuð undir högg að sækja síðustu áratugi. Útbreiðsla hans hefur minnkað og stofnstærð. Að sama skapi ætlar Ratcliffe að hefja langtíma vísindarannsóknir í samstarfi við Hafrannsóknastofnun svo öðlast megi betri þekkingu á atferli og lífi Atlantshafslaxins.

„Þessir laxastigar hafa svo sem sannað ágæti sitt í öðrum ám sem og hrognasleppingar. Þessar aðgerðir geta haft góð áhrif á þann lax sem lifir í þessum ám. Þessar framkvæmdir hafa ekki mikil áhrif á aðrar ár eða stofninn í heild sinni,“ segir Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga. Jón Helgi segir jafnframt að framkvæmdir sem þessar sem stækki búsvæði laxins séu vitaskuld af hinu góða fyrir laxastofna.


**Jón Helgi Björnsson**

Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun, staðfestir að samningaviðræður séu í gangi milli Ratcliffes og stofnunarinnar um styrki til að rannsaka laxinn á Norðausturlandi. Að sama skapi hafi hér áður fyrr verið mikið samráð við veiðifélög á Austurlandi um rannsóknir. Stutt er þangað til skrifað verður undir samkomulag.

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, segir mikilvægt að hraða vinnu um eignarhald einstaklinga á jörðum. „Það var skipaður starfshópur sem hefur að mínu mati ekki unnið nægilega hratt. Ráðherrar munu ræða þessi mál á vinnufundi ráðherra á fimmtudag [á morgun] sem verður í Mývatnssveit sem og að rætt verður við sveitarstjórnarmenn á svæðinu. Mikilvægt er að lagafrumvarp komi fram næsta vetur,“ segir Sigurður Ingi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins styðja langflestir ráðherrar ríkisstjórnarinnar þær hugmyndir að löggjöf verði hert um eignarhald á jörðum og að nýtt lagafrumvarp líti dagsins ljós sem taki af öll tvímæli um vilja stjórnvalda. Miklir hagsmunir séu í húfi enda fylgi oft og tíðum mikil og gjöful hlunnindi jörðum hér á landi.
**sveinn@frettabladid.is**

# Harma aukinn íbúðakostnað

**VIÐSKIPTI** „Alls er búið að eiga slíka fundi með 23 kaupendum og eru 17 þeirra búnir að samþykkja aukagreiðslu vegna hærri byggingarkostnaðar,“ segir í bréfi til félagsmanna Félags eldri borgara sem sent var í gærkvöldi vegna sölu á íbúðum í Árskógum.

„Kaupendur hafa almennt sýnt málinu skilning þó að óneitanlega sé slæmt fyrir fólk að fá óvæntan bakreikning sem þennan,“ segir í bréfinu. „Stjórnin vill ítreka að hún harmar mjög að endanlegt kostnaðarverð hafi reynst hærra en áætlað söluverð íbúðanna og þau vandkvæði sem það hefur valdið verðandi íbúum í Árskógum.“ Af ummælum lögmanna megi ráða að þeir telji um hefðbundin fasteignaviðskipti að ræða. „Málið er þó ekki alveg svo einfalt.“ **– gar**




# Sjálfstæðismenn safna undirskriftum gegn samþykkt þriðja orkupakkans

**STJÓRNMÁL** „Það er gífurleg undirliggjandi óánægja með þá vegferð sem forystan er með þetta mál í,“ segir Jón Kári Jónsson, formaður Félags sjálfstæðismanna í Hlíða- og Holtahverfi, sem fer fyrir undirskriftasöfnun meðal flokksmanna vegna þriðja orkupakkans.

Samkvæmt 6. grein skipulagsreglna flokksins er miðstjórn skylt að láta fara fram almenna kosningu meðal flokksmanna um tiltekin málefni berist um það skrifleg ósk frá að minnsta kosti fimm þúsund flokksbundnum félögum. Þar af skulu ekki færri en 300 flokksmenn koma úr hverju kjördæmi landsins.

Jón Kári kveðst bjartsýnn á að ná þeim undirskriftum sem þarf til að knýja fram atkvæðagreiðslu innan flokksins. Hann segir að vilji Sjálfstæðismanna hafi komið skýrt fram á landsfundi flokksins í mars í fyrra. Þar hafi verið ljóst að flokksmenn vildu ekki frekara framsal til Evrópusambandsins í orkumálum Íslendinga.



Frá landsfundi Sjálfstæðisflokksins á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ef sjálfstæðismenn eru eins innréttaðir núna og þeir voru þá og komið hefur fram í skoðanakönnunum þá ætti þetta að geta gengið ágætlega. Ég vil bara að það verði tekin lýðræðisleg ákvörðun um það innan flokksins hvort flokksmenn vilji halda þessu ferli áfram eða vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar eins og krafa okkar margra hefur verið.“ **-ókp**

Penninn Eymundsson

# SKIPTIBÓKA BÓNUS! +400 kr.

Penninn Eymundsson
Smáralind, Kringlan, Hallarmúli, Austurstræti,
Hafnarfjörður, Keflavík, Akranes, Akureyri, Ísafjörður,
Húsavík, Vestmannaeyjar.
KT:560109-0670 VSK:100269

**VÖRUSKIL**

| Lýsing | | Upphæð |
|---|---|---|
| **SKIPTIBÓKABÓNUS** | | |
| + 400 kr. fyrir hverja bók | | |
| Stærðfræði | 1 stk. | 2.320 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Líffræði | 1 stk. | 2.400 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Samtals kr. | | 4.720(+800) |
| Inneignarnóta - | | 5.520 |

Fyrir hverja bók sem þú skilar
færðu auka 400 kr. inneign.
Þökkum viðskiptin




**FYRIR HVERJA SKIPTIBÓK SEM ÞÚ SKILAR**
**FÆRÐU 400 KRÓNUR Í BÓNUS!**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Reykjanesbæ - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn @penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

400 kr. bónus gildir til og með 9. ágúst. Penninn Eymundsson áskilur sér rétt á að neita móttöku skiptibóka.

# Ísinn gæti hafa mengast úr umhverfi

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki er ljóst hvernig E. coli smitaðist frá dýrum í þá sem veiktust í Efstadal II í júlí. Alls veiktust níu börn af bakteríunni.

Fram kemur í tilkynningu frá Matvælastofnun að stofnunin, í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og rekstraraðila Efstadals II, hafi tekið 41 sýni af matvælum, sem og 25 sýni úr dýrum, til að reyna að varpa ljósi á orsök sýkinganna.

Samkvæmt viðtölum við sjúklingana og aðstandendur þeirra áttu þau sem veiktust öll sameiginlegt að hafa borðað ís. Baktería fannst í einu sýni sem tekið var af ís en það var önnur gerð en sú sem olli veikindunum. Sú gerð af E. coli fannst í sýni úr kálfastíu.

**Baktería fannst í einu sýni sem tekið var af ís en það var önnur gerð en sú sem olli veikindunum.**

Segir Matvælastofnun að þetta bendi til að ísinn gæti hafa mengast á einhvern hátt frá umhverfi eða starfsfólki. Einnig getur verið að smit gæti hafa borist eftir snertingu við kálfa eða umhverfi þeirra.

Íssala hófst á ný í Efstadal II í byrjun mánaðarins í kjölfar sýnatökunnar. Búið er að koma fyrir handþvottaaðstöðu fyrir gesti við innganginn og munu dýr ekki ganga laus.

Bakterían E. coli er hluti af náttúrulegri flóru dýra og manna, sumir stofnar E. coli bera meinvirknigen sem geta verið sjúkdómsvaldandi. Hafa slíkar bakteríur fundist í 30 prósentum sýna af lambakjöti og 11,5 prósentum af nautakjöti. – ab



Engin tilfelli af E. coli hafa greinst síðan 19. júlí. SKJÁSKOT/BOOKING.COM



Öldugangur við Hawaii. NORDICPHOTOS/GETTY

## Íslenskum dreng bjargað úr háska

**SLYS** Tveir Íslendingar, karlmaður og tíu ára drengur, lentu í háska í sjónum á Hawaii-eyjum á sunnudag. Var flogið með drenginn á spítala á Maui-eyju til aðhlynningar. Greint er frá þessu í fjölmiðlum á eyjaklasanum.

Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir að ekki hafi verið leitað til borgaraþjónustunnar vegna málsins og kunni hann ekki frekari deili á Íslendingunum sem um ræðir.

Slökkviliðið á Maui-eyju fékk tilkynningu klukkan 14 um að fimm manns væru í háska 150 metra undan ströndinni nálægt bænum Hana. Þegar slökkviliðið kom að höfðu tveir menn náð að komast í land af sjálfsdáðum en þremur var bjargað úr sjónum. Tveimur Íslendingum og heimamanni. – khg



Orkneyjar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Drykkjarsalur Sigurðar jarls talinn fundinn

**FORNLEIFAR** Fornleifafræðingar telja sig hafa fundið drykkjarsal Orkneyjajarlsins Sigurðar digra. Frá Sigurði og öðrum jörlum eyjanna er sagt í Orkneyingasögu sem varðveitt er í Flateyjarbók.

Grunnurinn að salnum fannst á Skaill Farmstead í Westness á eyjunni Rousey. Um Vestnes er einmitt fjallað í Orkneyingasögu, þar bjuggu Sigurður á Vestnesi og fleiri jarlar. Örnefnið Skaill gefur til kynna að þarna hafi verið drykkjarsalur norrænna höfðingja og því hefur teymi fornleifafræðinga leitað á svæðinu í þó nokkur ár.

Dan Lee, hjá Hálandaháskólanum í Skotlandi sem stýrir uppgreftrinum, segir að þetta sé spennandi fundur. „Kannski sat Sigurður jarl sjálfur hér á steinbekkjum og kneyfaði krús af öli,“ segir hann við dagblaðið The Scotsman. – khg

# Eyðslan minnkar höggið af fækkun ferðamanna í sumar

**Ferðamönnum fækkaði um 17 prósent í júlí miðað við árið á undan. Framkvæmdastjóri SAF segir fækkunina skarpari en hann hefði viljað sjá. Sérfræðingur í greiningardeild Arion banka býst við að aukning í meðaleyðslu haldi áfram á næstunni. Verði það raunin mun það draga úr tekjutapi þjóðarbúsins.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðamenn sem fóru frá landinu í gegnum Keflavíkurflugvöll voru 47 þúsundum færri í júlí í ár en í sama mánuði í fyrra. Er um að ræða 17 prósenta fækkun milli ára. Þetta kemur fram í niðurstöðum talningar Ferðamálastofu og Isavia.

Alls fóru rúmlega 231 þúsund erlendir farþegar frá landinu í júlí. Í fyrra voru þeir 278 þúsund, árið 2017 voru þeir 271 þúsund en 236 þúsund árið 2016. Í ár fóru þó 50 þúsund fleiri ferðamenn frá landinu í júlí en í sama mánuði árið 2015.

„Fjöldatölur eru bara ein breytan sem við þurfum að horfa á. Þessar tölur segja þó ákveðna sögu, um hversu eftirsóknarvert það er að koma til Íslands og flugframboð. Einnig hverju við getum búist við á árinu varðandi rekstur fyrirtækja, en ekki allt,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Halldór Kári Sigurðarson, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, segir fækkunina í takt við væntingar og spá Isavia frá því í júní. „Heildarfækkun ferðamanna á fyrstu fjórum mánuðunum sem eru liðnir frá falli WOW air nemur 18,5 prósentum þegar við miðum við sama tímabil í fyrra. Við gerum ráð fyrir að 16 prósent færri ferðamenn muni sækja landið heim í ár en í fyrra,“ segir Halldór Kári.

Mestu munar um fækkun ferðamanna frá Bandaríkjunum, fækkar þeim um 35 prósent milli ára. „Það eru tæplega hundrað þúsund manns frá apríl til júní. Það skýrist af því að þær ódýru Ameríkuferðir sem stóðu til boða síðasta sumar eru ekki til staðar nú.“

Þetta hefur leitt til breyttrar samsetningar ferðamanna. „Frá falli WOW air hefur meðaldvalartími ferðamanna lengst um tæp 18 prósent og meðaleyðsla vaxið um 12,4 prósent,“ segir Halldór Kári.

„Í kortaveltutölum Rannsóknarseturs verslunarinnar má einnig sjá tugprósenta heildaraukningu í eyðslu ferðamanna í menningartengda viðburði á sama tíma og eyðsla í bílaleigubíla er að dragast saman sem er enn ein vísbendingin um breytt neyslumynstur ferðamanna hér á landi.“

Halldór Kári telur að kortaveltutölur síðustu mánaða sýni hagfelldari samsetningu ferðamanna og býst við að meðaleyðsla ferðamanna muni halda áfram að aukast á svipaðan veg á næstu mánuðum. Verði það raunin muni það draga úr tekjutapi þjóðarbúsins og auka viðskiptaafgang.



Ferðamenn eru vissulega færri í ár en í fyrra, þeir eru þó enn umtalsvert fleiri en árið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Brottfarir í júlí




### Fjöldi ferðamanna




**Það eru tæplega hundrað þúsund manns frá apríl til júní. Það skýrist af því að þær ódýru Ameríkuferðir sem stóðu til boða síðasta sumar eru ekki til staðar nú.**



Halldór Kári Sigurðarson, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka

Jóhannes Þór segir að þó að þessi þróun sé vissulega jákvæð séu ferðamenn að eyða minna en þeir gerðu fyrir nokkrum árum. „Útgjöld ferðamanna á föstu verðlagi hafa verið að lækka mikið undanfarin ár. Þannig að núna erum við að hækka úr algjöru lággildi,“ segir Jóhannes. „Þetta vegur upp á móti fækkuninni en við erum enn langt frá þeim stað sem við viljum vera á.“

Heilt yfir segir Jóhannes að fækkun ferðamanna sé hraðari en ferðaþjónustan hefði viljað. „Við vissum að árlegur vöxtur upp á 25 til 40 prósent væri ekki sjálfbær. Við höfum verið að horfa til þess sem gengur og gerist erlendis, sem er 3 til 6 prósenta fjölgun milli ára, við teljum að það yrði jákvætt að ná þriggja til fimm prósenta vexti á ári til framtíðar,“ segir Jóhannes. „Þessi högg sem við höfum fengið, gjaldþrot WOW air, aukinn kostnaður, gengisþróun og verkföll, hafa gert þessa fækkun talsvert skarpari en við hefðum viljað sjá.“ **arib@frettabladid.is**


SUMARÚTSALA
Í MÚRBÚÐINNI
10-50% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
Deka Projekt 10 innimálning, 9 lítrar (stofn A)
5.393
Áður kr. 7.190
25% AFSLÁTTUR
DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
6.743
Áður kr. 8.990
25% AFSLÁTTUR
Deka Pro þakmálning rauð 10 lítrar
7.493
Áður kr. 9.990
30% AFSLÁTTUR
Landora tréolía Col-51903 3 lítrar
1.743
Áður kr. 2.490
Lavor Vertico 20 háþrýstidæla
Orka: 2100W- 230V-50Hz
Hámarksþrýstingur: 140 bör Max
Vatnsflæði: 400 L/klst. Max
25% AFSLÁTTUR
22.493
Áður kr. 29.990
Kaliber Black II gasgrill
3 brennarar (9kW). Grillflötur 60x42cm
27.885
Áður kr. 42.900
35% AFSLÁTTUR
Kaliber
PREMIUM GRILL
Kaliber Ferðagasgrill
20% AFSLÁTTUR
2 brennarar (5kW) Grillflötur 53x37cm
19.672
Áður kr. 24.590
LLA-308 PRO álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m
16.712
Áður kr. 20.890
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
Kapalkefli 3FG1, 5 10 mtr
2.312
Áður kr. 2.890
15 metrar 2.952 Áður kr. 3.690
25 metrar 4.392 Áður kr. 5.490
50 metrar 7.992 Áður kr. 9.990
25 stk. 110 lítra ruslapokar 796
Áður kr. 995
Einnig 200 lítra 10 stk. kr. 716 (65my)
Áður kr. 895
20% AFSLÁTTUR
31.430
Áður kr. 44.900
MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-80mm/10
30% AFSLÁTTUR
59.920
Áður kr. 74.900
MOWER CJ21G
Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton mótor. Rúmtak 163 CC, skurðarvídd 53cm/21", sjálfknúin 3,4 km/klst., safnpoki að aftan 70 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-80mm/8
20% AFSLÁTTUR
BRIGGS & STRATTON
CERAVID
Þýsk gæði
20% AFSLÁTTUR
CERAVID SETT WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara
31.112
Áður kr. 38.890
20% AFSLÁTTUR
Riga salerni með setu m/ vegg- eða gólfstút
19.192
Áður kr. 23.990
20% AFSLÁTTUR
BoZZ sturtuklefi
ferkantaður m/stöng, blöndunartækjum og brúsu
80x80x200 43.992
Áður kr. 54.990
90x90x200 47.992
Áður kr. 59.990
MIKIÐ ÚRVAL AF PARKETI OG FLÍSUM MEÐ 20-30% AFSLÆTTI
Flísar
Gólf- og veggflísar verð frá 950 kr./m²
Harðparket
8mm verð frá 1.183 kr/m² (AC4)
12mm verð frá 1.868 kr/m² (AC5)
Wineo Vínilparket
Verð frá 4.392 kr/m²
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður Selhellu 6. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Fyrirvari um prentvillur.
Tilboðin gilda í öllum verslunum Múrbúðarinnar meðan birgðir endast.
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!



Toni Morrison. NORDICPHOTOS/GETTY

## Toni Morrison látin 88 ára

**BANDARÍKIN** Bandaríski rithöfundurinn Toni Morrison er látin 88 ára að aldri. Morrison hlaut Nóbelsverðlaunin árið 1993, fyrst kvenna af afrískum uppruna. Morrison lést á mánudag eftir skammvinn veikindi.

Fyrsta skáldsaga Morrison, The Bluest Eye, kom út 1970, þegar hún var 39 ára. Þá hafði hún starfað sem kennari og síðar ritstjóri hjá útgáfufyrirtækinu Random House. Þekktasta verk Morrison er Beloved, sem hún hlaut Pulitzer-verðlaunin fyrir 1988. Bókin kom út á íslensku í þýðingu Úlfs Hjörvar undir heitinu Ástkær. – **sar**

## Spenna í Kasmír

**KASMÍR** Vaxandi spenna er í Kasmírhéraði á landamærum Indlands og Pakistans eftir að indversk stjórnvöld sviptu þann hluta héraðsins sem lýtur þeirra stjórn sérstökum réttindum. Pakistönsk stjórnvöld saka Indverja um að hafa með framferði sínu brotið gegn ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Imram Khan, forsætisráðherra Pakistans, sagði í ávarpi til þingsins að leitað yrði til alþjóðlegra dómstóla. Með afnámi réttindanna verður utanaðkomandi aðilum heimilað að eignast fasteignir í héraðinu. Þetta telja Pakistanar tilraun til að breyta íbúasamsetningu héraðsins.

Indverjar telja hins vegar aðgerðir sínar vera í samræmi við lög. **- sar**



**Imram Khan, forsætisráðherra Pakistan**

# Bandaríkjaforseti setur kröfur eftir mannskæðar skotárásir

Tvær skotárásir voru gerðar í Bandaríkjunum um helgina þar sem 31 lést og um 50 særðust. Donald Trump Bandaríkjaforseti krefst þess að fólki með geðsjúkdóma verði gert erfiðara fyrir að kaupa skotvopn. Forsetinn hnekkti sjálfur reglugerð Baracks Obama um efnið stuttu eftir að hann tók við embætti.

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti brást við skotárásunum í Dayton og El Paso með því að krefjast þess að fólki með geðsjúkdóma yrði gert erfiðara fyrir að komast yfir og eignast skotvopn.

Tvær skotárásir voru gerðar í Bandaríkjunum um helgina, önnur í Dayton í Ohio-fylki og önnur í El Paso í Texas. Alls lét 31 lífið og um fimmtíu eru særðir.

Trump sagði á blaðamannafundi að tölvuleikir, internetið og geðsjúkdómar ættu stóran þátt í þeim ódæðisverkum sem áttu sér stað um helgina og hefur hann verið harðlega gagnrýndur fyrir að nefna ekki almenna byssueign Bandaríkjamanna sem hluta vandamálsins. Trump sagði „byssuna sjálfa ekki toga í gikkinn, heldur geðsjúkdóma“.

Stuttu eftir að Trump tók við embætti forseta Bandaríkjanna árið 2017 dró hann til baka reglugerð sem unnin var af forvera hans í embætti, Barack Obama, og sneri að því að gera fólki með geðsjúkdóma erfiðara fyrir að kaupa skotvopn í landinu.

Reglugerðin sem Trump ógilti fól í sér að nöfn þeirra sem hlutu fjárhagslega aðstoð frá ríkinu vegna andlegra veikinda auk þeirra sem misst höfðu fjárræði vegna veikinda birtust í gagnagrunni yfir þá sem ekki gætu keypt skotvopn þegar gerð væri bakgrunnsathugun við kaup. Stjórn Obama spáði því að tæki reglan gildi myndu um 75.000 nöfn bætast á lista yfir þá sem ekki gætu keypt skotvopn.

Árásarmaðurinn í Ohio, Connor Betts, var íklæddur brynju og bar grímu í árásinni og var með um 250 skothylki á sér. „Að bera á sér slíkt magn vopna á almenningsstað ber með sér vandamál,“ sagði lögreglustjóri fylkisins, Richard Biehl, í samtali við The Guardian.

Betts var 24 ára og með hreina sakaskrá og samkvæmt lögum í Ohio-fylki var ekkert því til fyrirstöðu að hann gæti keypt skotvopn.



**Donald Trump hélt blaðamannafund í Hvíta húsinu á mánudag þar sem hann brást við skotárásunum um liðna helgi.** NORDICPHOTOS/GETTY

**»Trump sagði á blaðamannafundi að tölvuleikir, internetið og geðsjúkdómar ættu stóran þátt í þeim ódæðisverkum sem áttu sér stað um helgina.**

### Sex lönd vara þegna sína við ferðalögum til Bandaríkjanna

Úrúgvæ, Japan og Venesúela hafa bæst í hóp þeirra ríkja sem vara þegna sína við að ferðast til Bandaríkjanna. Er það vegna fjölda skotárása, nú síðast í Texas- og Ohio-fylkjum. Áður höfðu Frakkland, Þýskaland og Nýja-Sjáland gefið út sambærilegar aðvaranir eins og kemur fram hjá L.A. Times.

Í yfirlýsingu sem utanríkisráðuneyti Úrúgvæ gaf út fyrir skemmstu eru þegnar hvattir til að forðast almenningsgarða, verslunarkjarna, hátíðir, trúarathafnir og íþróttaviðburði í Bandaríkjunum. Þá er sérstaklega varað við borgum eins og Detroit, Baltimore og Albuquerque sem taldar eru hættulegar.

Hann féll fyrir byssukúlum lögreglumanna á vettvangi.

Maðurinn sem grunaður er um ódæðið í El Paso er hinn tuttugu og eins árs gamli Patrick Crusius og er hann í haldi lögreglu. Grunur er um að kynþáttafordómar hafi verið kveikjan að árásinni og á Crusius að hafa lagt upp með að „drepa eins marga Mexíkóa og mögulegt var.“

Árásarmaðurinn gaf út yfirlýsingu á internetinu fyrir skotárásina þar sem hann talaði um innrás Suður-Ameríku í Texas ásamt því að vitna í hugmyndir Donalds Trump. **birnadrofn@frettabladid.is**


FORD KUGA TITANIUM S AWD
SUMARTILBOÐ!

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi.

TITANIUM S PAKKI
Viðbótarbúnaður við Titanium:
- Leðuráklæði á sætum
- Rafdrifnar stillingar á ökumannssæti
- Fjölstillanlegt farþegasæti
- Öryggispakki (árekstrarvörn, veglínuskynjari, ökumannsvaki, umferðaskiltalesari, sjálfvirk aðalljós, regnskynjari í framrúðu)
- Vindskeið að aftan
- Upphitanlegt stýri

2.0 TDCi, dísil, 150 hestöfl, sjálfskiptur
Verð: 6.400.000 kr.
SUMARTILBOÐ:
5.790.000 KR.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is



# EKKI BARA GÆÐI

## PRJÓNAPEYSA
### HERRA- OG DÖMUSNIÐ



Þægileg peysa úr prjónaefni með rennilásum í áberandi lit. Við ermaop og fald er teygjuefni, bakið er með aukinni sídd og flísfóðruðum kraga. Vasar að framan eru renndir

**10.900 m/vsk**
Fullt verð 14.595

## SMÍÐABUXUR



**9.900 m/vsk**
Fullt verð 12.900

## VINNUBUXUR



**9.900 m/vsk**
Fullt verð 12.576

## SAMFESTINGUR-MICROFLEX



**8.900 m/vsk**
Fullt verð 12.958

## FLANNEL-SKYRTA



**5.990 m/vsk**
Fullt verð 7.900

## HNÉPÚÐAR



**1.990 m/vsk**
Fullt verð 2.990

## SMÍÐA-VESTI



**11.900 m/vsk**
Fullt verð 15.900

## HETTUPEYSA



Mjúk og þægileg hettupeysa úr bómull. Hún er með endurskini og áberandi merkingum til að auka sýnileika, földuð við mitti og á ermum og með renndum innanávasa fyrir síma.

**8.900 m/vsk**
Fullt verð 12.557

## LANGERMABOLUR



**2.490 m/vsk**
Fullt verð 3.990

## ÖRYGGISSKÓR
### VISMO



**18.900 m/vsk**
Fullt verð 24.900

www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi
Draupnisgötu 2, Akureyri

SINDRI VINNUFÖT









# Mustang á Bessastöðum

Fjölmargir Mustang-eigendur lögðu leið sína í Hafnarfjörðinn í gærkvöld þaðan sem þeir óku saman til Bessastaða. Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, kíkti á bílana og tók þessar myndir.





# Tvíeggjað sverð



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Oft er sagt að einn maður hafi bjargað Íslendingum úr hruninu og að það hafi verið ferðamaðurinn. Sviptingar á markaði undanfarið valda áhyggjum. Fall WOW air réði þar mestu. Ferðamönnum fækkaði um 17 prósent í júlí miðað við síðasta ár. Góðu fréttirnar eru að þrátt fyrir fall WOW dvelja ferðamenn hér lengur og hver og einn eyðir meiru.

Samt berjast mörg fyrirtæki í greininni í bökkum. Umræðan vill stundum bera þann keim að í ferðaþjónustu fari mikið fyrir græðgi. Ef félög greiði sér arð sé það af hinu illa og skerði hag launafólks. Þetta er misskilningur. Afleiðingar þess að fyrirtæki skili ekki hagnaði eru að forsendur rekstursins bresta líkt og við sáum hjá WOW air. Þá missir fólk vinnuna og allir tapa. Það að fyrirtæki í ferðaþjónustu, eða öðrum atvinnugreinum, skili hagnaði ætti að vera keppikefli fyrir alla.

Erlend bókunarfyrirtæki eru líklega mikilvægasti aðilinn í íslenskri ferðaþjónustu. Það sem ekki allir vita er að bókunarsíðurnar, á borð við Booking og Expedia, taka á bilinu 15 til 30 prósenta þóknun til sín af verði þeirrar þjónustu sem er keypt. Fyrirtækin starfa í langflestum greinum ferðaþjónustu á Íslandi. Borga vitaskuld hvorki skatta né skyldur hér á landi, en hafa veigamiklu hlutverki að gegna – skapa grunn svo hægt sé að skipuleggja og kaupa heilu ferðirnar með einum músarsmelli, hvar sem er á hnettinum.

Bókunarfyrirtækin eru fyrirferðarmikil í gistiþjónustu. Tölur sýna að þóknanatekjur vegna gististarfsemi til bókunarþjónusta hafi verið rúmlega fimm milljarðar á síðasta ári. Bókunarfyrirtækin setja svo fyrirtækjum í gistiþjónustu ýmsa skilmála, eins og þá að geta refsað hótelum ef þau bjóða lægra verð annars staðar á netinu. Þannig verður til ákveðinn vítahringur; hálfgert ofbeldissamband.

Fyrirkomulagið er tvíeggjað sverð. Bókunarþjónustur hafa þrátt fyrir allt nýst gististöðum, sérstaklega þeim minni, í að ná til viðskiptavina. Íslensku gististaðirnir þyrftu að leggja meira í markaðsstarf ef Booking nyti ekki við. Þá má spyrja sig að því hvort gistimarkaðurinn hefði verið í stakk búinn til að takast á við þá gríðarlegu aukningu ferðamanna sem varð hér á landi án liðsinnis þjónustanna sem gera nánast hverjum sem er kleift að setja upp gistiheimili, tengja sig bókunarþjónustu og á augabragði geta selt gistinótt.

Hagnaður hótelanna hefur dregist saman undanfarin ár. Það má að vissu leyti rekja til uppgangs heimagistingar, á borð við Airbnb, þótt dregið hafi úr slíku á allra síðustu mánuðum. Launakostnaður er hár – hjá stærstu hótelkeðjunum á bilinu 33 til 47 prósent hlutfall af veltunni. Húsnæðið kostar svo sitt, hefðbundin vaxtagjöld og afborganir; skattar og skyldur. Það gefur augaleið að eftir miklu er að slægjast fyrir hóteleigendur að minnka umsvif bókunarþjónustanna og selja sem mest milliliðalaust. Hvernig á að fara að því er svo annað mál.

Sem fyrr á sá kvölina sem á völina.

> **Bókunarfyrirtækin setja svo fyrirtækjum í gistiþjónustu ýmsa skilmála, eins og þá að geta refsað hótelum ef þau bjóða lægra verð annars staðar á netinu. Þannig verður til ákveðinn vítahringur; hálfgert ofbeldissamband.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Ansi furðulegt**

**Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með hvernig aðrir fjölmiðlar tækla stefnu Seðlabankans á hendur blaðamanni Fréttablaðsins vegna fyrirspurnar. Vísir, Stöð 2 og Morgunblaðið hafa öll sýnt málinu áhuga, enda furðulegt í alla staði. RÚV hefur sagt frá þessu á vef sínum, það er öllu minna en þegar sett var lögbann á Stundina, mál sem RÚV var með í sjónvarpsfréttunum í marga daga. Stundin og Kjarninn, sem hafa barið sér á brjóst fyrir að vilja upplýsa um spillingu og fordæma valdbeitingu gagnvart fjölmiðlum, hafa ekkert sagt frá málinu. Það verður að teljast ansi furðulegt.**

**Skýr víglína**

**Andstæðingar þriðja orkupakkans brýna nú hnífa sína enda ekki nema þrjár vikur í að Alþingi komi saman til að afgreiða málið. Óánægðir Sjálfstæðismenn reyna að safna fimm þúsund flokksmönnum til að knýja fram atkvæðagreiðslu innan flokksins. Svo er á ferðinni hópur sem skorar á forsetann að beita málskotsréttinum. Hópurinn telur víglínuna skýra. Þeir sem vilji að Íslendingar fari sjálfir með forræði eigin mála gegn þeim sem óski sér að útlendingar ráði sem mestu í íslenskum málefnum. Þetta bendir til þess að umræðan verði málefnaleg og án upphrópana eins og hingað til.**

kristinnhaukur@frettabladid.is
sighvatur@frettabladid.is

# Reginmisskilningur um EES-samninginn



Andrés Pétursson
formaður Evrópusamtakanna.

Elliði Vignisson bæjarstjóri í Ölfusi hefur hafið mikla herferð gegn EES-samningum í fjölmiðlum að undanförnu. Ekki veit ég á hvaða vegferð bæjarstjórinn er eða hvaða tilgangi þessi skrif hans þjóna. Þau þjóna að minnsta kosti ekki atvinnulífinu og almenningi í landinu því fátt hefur veitt almenningi og fyrirtækjum á Íslandi meiri búbót undanfarin 25 ár en þessi samningur. Þó er ljóst að þetta er hluti af skipulagðri herferð andstæðinga samningsins og tengist baráttunni gegn innleiðingu ákveðinna gerða sem tengjast orkulöggjöf EES.

Elliði heldur því fram að EES-samningurinn sé ekkert annað en undirbúningur fyrir ESB-aðild. Þetta er reginmisskilningur. Evrópusambandið var í kringum 1990 tilbúið að gera mjög hagstæðan samning við EFTA-löndin til þess að koma í veg fyrir að þau myndu sækja um aðild að ESB. Sambandið taldi sig á þeim tíma ekki vera tilbúið að taka við nýjum aðildarríkjum vegna sameiningar Þýskalands og breytinga í A-Evrópu. Finnland, Svíþjóð og Austurríki ákváðu samt að ganga til liðs við ESB. Noregur, Lichtenstein og Ísland njóta hins vegar góðs af EES-samningnum og tugþúsundir Íslendinga hafa tekið þátt í samstarfsverkefnum á sviði rannsókna, vísinda, mennta og menningar þökk sé þessu samstarfi.

Eins og andstæðingum EES-samningsins er oft tamt að gera þá skautar Elliði fram hjá öllum kostum samningsins og gefur í skyn að við séum nytsamir sakleysingjar sem hið vonda Evrópusamband sé að véla til sín með öllum hugsanlegum ráðum. Staðreyndin er hins vegar sú að við tökum þátt í alþjóðlegu samstarfi á okkur forsendum því hagsmunum okkar er betur borgið á þennan hátt. Látum ekki pólitíska stundarhagsmuni ákveðinna afla í landinu blinda okkur sýn. Nóg er búið að birta af bulli í tengslum við þriðja orkupakkann þótt ekki sé höggvið að rótum EES-samningsins og framtíð hans stefnt í hættu.

> **Skautar Elliði fram hjá öllum kostum samningsins og gefur í skyn að við séum nytsamir sakleysingjar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fjölgun hjúkrunarrýma og sérhæfðra dagdvalarrýma í Hafnarfirði



**Valdimar Víðisson**
formaður fjölskylduráðs

Þann 17. júlí sl. var nýr Sólvangur opnaður hér í Hafnarfirði. Um er að ræða 60 rýma hjúkrunarheimili sem mun leysa gamla Sólvang af hólmi. Gamli Sólvangur mun áfram gegna hlutverki í þjónustu við aldraða og þar verða jafnframt 33 hjúkrunarrými. Í Hafnarfirði hefur því fjölgað um samtals 34 hjúkrunarrými og er það mikið fagnaðarefni. Þjónusta við eldri borgara þarf að vera fagleg og góð og með opnun nýs Sólvangs var stigið risastórt skref í að bæta og efla þjónustu við eldri borgara. Fyrstu íbúarnir flytja inn um miðjan ágúst.

Í ágúst 2018 vakti fjölskylduráð athygli á þeirri alvarlegu stöðu sem uppi er í dagdvalarmálum fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma. Biðlistar langir og biðtími eftir plássi langur. Fjölmiðlar tóku upp bókun fjölskylduráðs og var fjallað um stöðuna í málefnum fólks með heilabilunarsjúkdóma úti um allt land. Stjórnmálamenn, aðstandendur og fagfólk tóku þátt í umræðunni, bæði í viðtalsþáttum, ljósvakamiðlum, viðtölum í blöðum og í aðsendum greinum. Allir sammála um að það þyrfti að gera eitthvað í þessum málum þar sem heilabilunarsjúkdómar hafa ekki bara áhrif á sjúklinginn heldur nánustu aðstandendur, fjölskyldu og vini. Það er nauðsynlegt fyrir einstakling með heilabilunarsjúkdóm að komast í dagdvöl til að fá þjálfun og örvun.

Fjölskylduráð ákvað því að Hafnarfjarðarbær mundi leggja til húsnæði fyrir dagdvöl og óskað var eftir rekstrarheimild frá ríkinu fyrir 12 dagdvalarrýmum fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma. Við opnun nýs Sólvangs tilkynnti Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra að búið væri að samþykkja 12 dagdvalarrými. Í Hafnarfirði eru nú þegar 22 dagdvalarrými fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma og með þessari viðbót verða þau 34.

Fyrir hönd fjölskylduráðs þakka ég ráðherra fyrir þessa viðbót í dagdvalarrýmum fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma. Þessi viðbótardagdvalarrými minnka biðlista og bæta þjónustu.

Það er bjart fram undan í Hafnarfirði. Bæjarstjórn hefur það á sinni stefnuskrá að bæta þjónustu og það hefur svo sannarlega verið gert. Við höldum áfram á þessari braut og fram undan eru mörg krefjandi og skemmtileg verkefni sem ég hlakka til að takast á við með því frábæra fólki sem starfar hjá Hafnarfjarðarbæ.

# Stolt út um allt!



**Sara Dögg Svanhildardóttir**
bæjarfulltrúi Garðabæjarlistans í Garðabæ

Við fögnum fjölbreytileikanum á 20 ára afmæli Hinsegin daga um þessar mundir. Hátíðin hefur svo sannarlega vaxið ár frá ári, þroskast og eflst þar sem fjölbreytileikinn birtist okkur í sífellt nýrri mynd. Viðurkenning fjölbreytileikans fangar sífellt fleiri birtingarmyndir þess að vera einstaklingur sem stendur með eigin tilfinningum. Slíkt kallar á stöðugt endurmat á því í hverju viðurkenningin fyrir manneskjunni sjálfri felst. Að hver einasta manneskja hafi frelsi og stuðning til þess að standa með sjálfri sér hver sem hún er á hverjum tíma.

Því skiptir máli að við sem samfélag stöndum þessa gríðarlega mikilvægu vakt sem felur í sér að virða og styðja við velferð allra. Það gerum við með því að viðurkenna fjölbreytileikann í nærsamfélagi okkar.

**Öll sveitarfélög ættu að hafa virka stefnu í fræðslu í málefnum hinsegin fólks.**

Við sem vinnum að því að gera samfélagið betra með því að hafa umboð kjósenda, vera kjörnir fulltrúar í okkar nærsamfélagi, berum ábyrgð á þeim stuðningi og viðurkenningu sem fæst á hverjum tíma. Viðurkenningu sem er hinsegin fólki sérstaklega dýrmæt. Öll sveitarfélög ættu að hafa virka stefnu í fræðslu í málefnum hinsegin fólks. Láta verkin tala. Þannig náum við árangri og gerum fleirum kleift að standa með sjálfum sér.

Viðurkenningin fæst nefnilega ekki með orðum og velvilja einum saman heldur með því að halda uppi öflugri fræðslu. Fræðslu um veruleika hinsegin fólks í allri sinni mynd. Fræðslu sem nær til allra þeirra sem starfa með fólki. Skólar eru sérstaklega mikilvægur vettvangur fyrir slíka fræðslu en ekki síður aðrar stofnanir sem fara með málefni fólks. Fræðsla um veruleika hinsegin fólks ætti í raun aldrei að vera val. Hún skiptir máli og hefur með velferð einstaklinga að gera.

Á Hinsegin dögum er fjölbreytt dagskrá þar sem mikilvægi sýnileikans er dreginn fram frá ólíkum hliðum. Þar er ekki síður þátttaka samfélagsins dregin fram þar sem sýnileikinn er ekki einkamál þess sem skilgreinir sig undir regnhlíf hinsegin samfélagsins. Sjálf þakka ég sérstaklega fyrir frelsið sem viðurkenningin hefur gefið mér sem lesbía á þessum tímamótum og vona að enn fleiri geti gert það í dag en í gær.

Við berum einfaldlega öll ábyrgð.
Gleðilega Hinsegin daga!




Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun.
Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar



Annie Mist og Katrín Tanja ganga inn á íþróttaleikvanginn á opnunardaginn en alls gengu 10 Íslendingar inn á leikvanginn og var Ragnheiður Sara fánaberi. MYND/MICHAEL VALENTIN

# Stórar þjóðir að koma inn af krafti

**Í fyrsta sinn frá 2013 náði engin íslensk kona á pall á heimsleikunum í CrossFit. Evert Víglundsson, yfirþjálfari og eigandi CrossFit-Reykjavík, segir að stórar þjóðir séu að átta sig á íþróttinni og muni senda fleiri á komandi árum. Engin ástæða sé þó til að örvænta.**

**CROSSFIT** Evert Víglundsson, yfirþjálfari og eigandi CrossFitReykjavík, segir að þrátt fyrir að engin íslensk kona hafi verið á verðlaunapalli á heimsleikunum í CrossFit, í fyrsta sinn síðan 2013, sé engin ástæða til að örvænta. Árangurinn úti í Bandaríkjunum hafi verið frábær og þó að stórar þjóðir, eins og Þýskaland, Rússland og jafnvel Kína, séu að uppgötva CrossFit muni þær ekki ýta okkar fólki neðar á listann. Hann var ekki hrifinn af framkvæmd mótsins en Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir og Annie Mist Þórisdóttir duttu snemma út vegna breytinga á reglum.

„Allir sem við töluðum við þarna úti ræddu um þennan niðurskurð á laugardagsmorgninum. Ég er 100 prósent á því að það voru ekki tíu bestu keppendurnir eftir þegar var búið að skera niður. CrossFit á að vera fjölbreytt þar sem reynt er á bæði þol og styrk og þátttakendur voru ekki búnir að reyna sig í lyftingum. Það var ekki búið að reyna á alla þættina þegar skorið var niður. Persónulega held ég að þetta hafi verið mistök hjá framkvæmdaraðilum að skera niður svona snemma.

Ef það hefði verið skorið niður á laugardagskvöld eftir að keppendur reyndu sig í lyftingum, þá hefði topp 10 listinn litið allt öðruvísi út. Annie og Sara hefðu líklega alltaf farið þá áfram, fullyrði ég, enda eru þær betri en flestar í heiminum í að lyfta lóðum,“ segir Evert.

Aldrei hafa fleiri nýliðar tekið þátt í CrossFit-leikunum og segir



Björgvin Karl varð þriðji í karlaflokknum. Aðeins Bandaríkjamennirnir Mathew Fraser og Noah Ohlsen slógu okkar manni við um helgina.

Evert að leikarnir og CrossFit-heimurinn eigi bara eftir að stækka, sem eru kannski ekkert endilega góðar fréttir fyrir litla Ísland. „Ég get bara talað um mína stöð, CrossFit-Reykjavík, en við erum stöðugt vaxandi. Það kemur mér skemmtilega á óvart hvað það er stöðugur vöxtur. Ég held að það sé svoleiðis um allan heim, svona miðað við samtölin sem ég átti úti. Ísland fellur fyrir CrossFit mjög snemma og við vorum ein af fyrstu 50-100 stöðvunum í heiminum. Nú eru þær orðnar um 15 þúsund. Við vorum fljót af stað og stórar þjóðir eru að átta sig á þessu, eins og Þjóðverjar. Þetta er að byrja þar. Stóru þjóðirnar koma með fleiri keppendur, eins og Rússar, Kínverjar og aðrar sterkar Austur-Evrópuþjóðir og þá á litla Ísland minni möguleika. Kannski er það framtíðin.

En ég held að við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur. Katrín er enn ung að árum og á nóg eftir. Sara á nóg eftir og þó að þær hafi ekki verið á palli núna, þá var Katrín í fjórða sæti og rétt missti af bronsinu. Þær munu koma sterkari til baka. Sara á eftir að vinna, hún er líklega besti CrossFittari sem hefur ekki unnið leikana. Hún hefur aldrei verið í betra formi, líkamlega og andlega, en fyrir þessa leika.

Annie hefur aldrei verið í betra

> **Ísland fellur fyrir CrossFit mjög snemma og við vorum ein af fyrstu 50-100 stöðvunum í heiminum. Nú eru þær orðnar um 15 þúsund.**
>
> Evert Víglundsson



formi. Hún byrjaði hrikalega vel og var í öðru sæti eftir fyrsta dag. En keppnin var skemmtileg og við vorum með fullt af fólki sem stóð sig ótrúlega vel,“ segir Evert.

**Karlarnir líka góðir**

Það eru svo sannarlega orð að sönnu því fyrir utan kvennaflokkinn, sem nýtur mestra vinsælda hér á landi, kom Björgvin Karl Guðmundsson heim með brons í karlaflokknum. Það gerði Sigurður Þrastarson einnig, í flokki 35-39 ára, sem og Brynjar Ari Magnússon, í unglingaflokki.

„Björgvin var stórkostlegur. Maður sá eldinn í augunum á honum á lokadeginum þegar hann byrjaði að éta upp forskotið. Hann var geggjaður.

Hann er að stimpla sig inn sem goðsögn í þessum heimi. Árangurinn er þannig. Hann á nóg eftir á tankinum.

Sigurður og Stefán Helgi enda báðir á topp 10 í 35-39 ára flokknum sem er frábært því það voru yfir 17 þúsund manns sem hófu leik. Hilmar Harðarson, sem keppti í 60+, var fremstur að degi þrjú og hann endar í 5. sæti sem er frábært.“

Það kom fáum á óvart að Mathew Fraser og Tia-Clair Toomey skyldu vinna sína fjórðu leika en þau virðast vera nánast ósnertanleg á toppnum. „Fraser þurfti að hafa fyrir þessum titli sem hann hefur ekki þurft að gera síðustu tvö ár. Þá var hann búinn að vinna titilinn fyrir lokagreinina. Núna var hann síðasta daginn að gefa allt sitt.

Toomey var örugg alla leikana. En síðustu fimm greinarnar eru bara tíu einstaklingar að keppa og mun minni keppni því það var búið að henda svo mörgum út vegna niðurskurðarins.“

Evert bendir á að unglingastarfið hér á landi sé frábært og það séu að koma upp krakkar sem geti gert ótrúlega hluti. „Það eru nokkur nöfn að banka á dyrnar. Við eigum alltaf nokkur ár á þessar stóru þjóðir og það er ekkert að fara að gerast í nánustu framtíð að stórar þjóðir fari að ýta okkur í burtu.

Þessir krakkar sem eru að koma upp hafa ekki verið í neinum öðrum íþróttum. Þau stunda bara CrossFit. Það er að koma upp kynslóð af krökkum sem eru búnir að æfa CrossFit í 7-9 ár og gæðin eru svakaleg. Þessir krakkar munu ná langt – maður sér það.“

benediktboas@frettabladid.is

# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 7. ÁGÚST 2019



Læknaneminn Álfhildur Ösp Reynisdóttir býr í Slóvakíu ásamt manni sínum og dóttur. Álfhildur heldur úti öflugri uppskriftasíðu á Instagram með hollum uppskriftum fyrir börn og fengið hefur góð viðbrögð. →4

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.




# Tvær milljónir hafa safnast fyrir Ólavíu

Olga Katrín Davíðsdóttir Skarstad hleypur fyrir litlu systur sína Ólavíu í Reykjavíkurmaraþoninu. Ólavía sem er fimm ára gömul greindist með illkynja heilaæxli fyrr á þessu ári. →2



Olga Katrín Davíðsdóttir ætlar að hlaupa tíu kílómetra fyrir litlu systur sína sem greindist með krabbamein fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Olga er komin 2026% yfir upprunalegt markmið í áheitasöfnun sem var upp á 50.000 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Ólavía er fimm ára gömul og greindist með illkynja heilaæxli snemma í júní síðastliðnum. Stóra systir hennar, Olga, verður sjálf tvítug í ár. Hún hefur áður tekið þátt í Reykjavíkurmaraþoninu. Þá hljóp hún fyrir son vinafólks fjölskyldu sinnar og félagið Einstök börn sem veitir stuðning til barna og ungmenna með sjaldgæfa og jafnvel ógreinda sjúkdóma eða skerðingar. Þó að Ólavía sé sjálf ekki mikið fyrir að hlaupa segir Olga að hún elski að hjóla. „Hún er lítið í hlaupum en hjólar um alla ganga á Barnaspítalanum þegar hún fær tækifæri til.“

Nú þegar hefur safnast meira en ein milljón króna í áheitum á Olgu. „Það er fyndið að segja frá því að ég setti 50.000 krónur sem markmið, sem var kannski aðeins of lítið. Maður vissi ekkert við hverju átti að búast en ég er komin um 2026% yfir markmiðið,“

**Við ákváðum að slá til og safna fyrir þau, það er nóg að hafa áhyggjur af veikindunum án þess að þurfa að hafa áhyggjur af peningum líka.**

eins og kemur fram á vefsíðunni hlaupastyrkur.is. „Þannig að ég er alveg löngu búin að ná markmiði mínu.“ Eftir að hafa náð 50.000 króna markmiðinu setti Olga sér annað markmið, sem var að safna einni milljón króna og það hefur greinilega tekist líka.

## Hafa safnað mest af öllum

Samtals hafa safnast meira en tvær milljónir í áheitum á allan hlaupahópinn sem hleypur fyrir Ólavíu á hlaupastyrkur.is. Olga segir að þó séu ekki allir í hópnum sem ætlar að hlaupa fyrir hana skráðir á síðuna. „Þó að við séum ekki öll skráð þá erum við samt búin að safna mest af öllum hlaupahópunum á síðunni.“

Olga ætlar sér að hlaupa tíu kílómetra og hefur verið að æfa sig upp í það markmið. „Þó að ég æfi mikið í ræktinni hef ég lítið æft mig í hlaupum þangað til núna. Það verður forvitnilegt að sjá hvernig þetta gengur en auðvitað gerum við öll okkar besta, með öll þessi áheit.“

## Samstaða á Skaganum

Fjölskylda Olgu býr á Akranesi og hún segir Skagamenn sýna fjölskyldunni mikla samstöðu. „Ég vil þakka öllum fyrir samhuginn og stuðninginn, við erum alveg orðlaus yfir því. Það er ótrúlegasta fólk búið að hafa samband við okkur og bjóða fram hjálp sína. Maður sér á svona stundum hvað maður á virkilega góða að, sem er mjög mikilvægt. Það er búið að vera mjög dýrmætt.“



Ólavía er sjálf lítið fyrir að hlaupa en hjólar um alla ganga Barnaspítalans.

Hugmyndin að því að safna í styrktarsjóð fyrir Ólavíu kom frá móðursystrum hennar. Móðir Ólavíu er heimavinnandi en faðir hennar er hættur að vinna vegna veikindanna. „Við ákváðum að slá til og safna fyrir þau, það er nóg að hafa áhyggjur af veikindunum án þess að þurfa að hafa áhyggjur af peningum líka. Þannig að við vildum létta undir með þeim.“ Olga segir að foreldrar hennar séu fegnir að þurfa ekki að hafa áhyggjur af fjármálum vegna styrkjanna.

## Vona að þau þurfi ekki að nýta allt

Fjölskyldan vonast til að þurfa ekki að nýta allt fjármagnið sem fer í styrktarsjóðinn og geti nýtt restina í að styrkja samtök og stofnanir sem hafa komið að meðferð Ólavíu. „En við vitum auðvitað ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér, eins og maður segir. Maður veit ekki hvernig meðferðin mun ganga, hún er mjög löng og ströng. Ef meðferðin gengur vel, sem við vonumst auðvitað til og höfum trú á, þá viljum við gefa af okkur á móti eftir alla hjálpina sem við höfum fengið. Við vonumst til að geta gert það og þurfa ekki að nýta allt saman í meðferðina.“ Eins og stendur er Ólavía í sex vikna geislameðferð og við tekur lyfjameðferð í heilt ár.

Þó að Ólavía sjálf geri sér ekki fulla grein fyrir alvarleika veikindanna er hún að sögn Olgu himinlifandi yfir öllum stuðningnum. „Vinkonur hennar á leikskólanum ætla líka að hlaupa fyrir hana og búnar að tala um þetta við hana, þannig að hún veit af þessu. Hún er alveg í skýjunum með þetta og finnst þetta geggjað.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,




FJALLA KOFINN

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

# Einfalt og hollt fyrir börnin

**Læknaneminn Álfhildur Ösp Reynisdóttir býr í Slóvakíu ásamt manni sínum og dóttur. Álfhildur heldur úti öflugri uppskriftasíðu á Instagram með hollum uppskriftum fyrir börn og hefur fengið góð viðbrögð.**

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Álfhildur er 25 ára gömul og ólst upp í Laugardalnum. Hún hefur verið búsett í Slóvakíu undanfarin þrjú ár en hún er á fjórða ári í læknanámi. Á Instagramsíðu Álfhildar, sem gengur undir heitinu Barnabitar, gefur að líta litríkar ljósmyndir og uppskriftir að girnilegu góðgæti fyrir börn og eru fylgjendur hennar nú rúmlega 3.000 talsins.

Álfhildur segir áhugann hafa kviknað þegar hún fór að leita að uppskriftum fyrir dóttur sína sem var þá að byrja að borða. „Þegar dóttir mín var nokkurra mánaða og var að byrja að borða þá var ég í vandræðum með að finna uppskriftir sem voru hollar og einfaldar á sama tíma. Ég byrjaði að breyta uppskriftum sem ég fann og búa til mínar eigin og þá allt í einu datt mér í hug að þetta gæti nýst fleirum og ákvað að deila þessu með öðrum,“ segir Álfhildur.



Álfhildur gerði þessa afmælisköku fyrir dóttur sína.

## Betra að notast við fá hráefni en góð

Álfhildur býður fylgjendum sínum upp á næringarríkar og fjölbreyttar uppskriftir en þrátt fyrir að hollustan sé í fyrirrúmi segir hún mikilvægt að reyna að hafa uppskriftirnar einfaldar. „Ég miklaði þetta mjög mikið fyrir mér fyrst. Fannst þetta verða að vera svo flókið til að vera hollt en ég reyni bara að halda þessu eins einföldu og hægt er. Fá hráefni en góð.“

Álfhildur segist jafnframt ekki líta á sig sem einhvers konar sérfræðing í hollustu. „Ég er enginn heilsugúrú en reyni mitt besta þegar kemur að dóttur minni,“ segir hún.

## Jákvæð viðbrögð

Viðbrögðin við síðunni hafa verið mjög góð og segir Álfhildur að hún reyni eftir fremsta megni að gæta þess að uppskriftirnar höfði til sem flestra. „Frá byrjun hef ég passað það að uppskriftirnar mínar henti sem flestum, vegan, börnum með eggja- eða mjólkurofnæmi, og svo framvegis, og hef fengið hrós fyrir það,“ segir hún.

Álfhildi þykir vænt um skilaboð sem hún hefur fengið frá þakklátum foreldrum. „Mér finnst ótrúlega gaman þegar ég fæ skilaboð frá foreldrum sem eru ánægðir með uppskriftirnar frá mér,“ segir hún.



Álfhildur Ösp ásamt dóttur sinni Amalíu Ölvu.



Gulrótarfranskar ásamt vegan ídýfu.

## Smekkur barna misjafn

Álfhildur mælir með að foreldrar sem vilja kynna hollari mat fyrir börnum sínum bjóði þeim upp á sem fjölbreyttasta fæðu en hafi hugfast að smekkur barna, líkt og fullorðinna, sé misjafn. „Ég byrjaði snemma að bjóða henni fjölbreytta fæðu og hef verið heppin með hvað hún borðar vel en auðvitað er það bara þannig að börn eru mishrifin af mat.“

Hún segir gagnlegt að foreldrar hafi í huga hvað barninu þyki gott. „Ég mæli með að finna út hvað barninu þínu finnst gott og vinna þig út frá því. Dóttir mín er til dæmis mjög hrifin af eggjum, þá hef ég leitað að uppskriftum með eggjum og bætt við alls konar grænmeti,“ segir Álfhildur.

## Var sjálf matvönd sem barn

Álfhildur segir að matvendni hennar sjálfrar sem barns hafi haft áhrif á hana sem foreldri. „Það kaldhæðnislega er að ég hef alltaf verið mjög matvönd og foreldrar mínir hafa oft verið í vandræðum með að gefa mér að borða en einmitt þess vegna fannst mér skipta máli að dóttir mín myndi fljótt venjast fjölbreyttri fæðu til að reyna að koma í veg fyrir það,“ segir hún.

## Meira úrval á Íslandi

Álfhildur segir að þó að hollur matur sé mun ódýrari í Slóvakíu en á Íslandi þá sé úrvalið ekki jafn gott og hefur hún jafnvel tekið upp á því að taka með sér vörur frá Íslandi. „Töskurnar mínar hafa oftar en ekki verið fullar af mat eftir frí á Íslandi af því að hluti sem þú gengur að vísum hér heima er oft hvergi hægt að finna úti,“ segir hún.

## Stefnan sett á Svíþjóð

Hvað er svo næst á dagskrá hjá þessari hugmyndaríku og drífandi konu? „Ég komst inn í master í læknisfræði í Álaborg og er að flytja þangað um miðjan ágúst með fjölskyldu og bestu vinum. Planið er að búa þar næstu árin meðan ég klára, en það er aldrei að vita hvaða land kemur þar á eftir,“ segir hún.

Álfhildur býður lesendum upp á einfalda og þægilega uppskrift að bláberjavöfflum.

## Bláberjavöfflur

Það er mjög hentugt að gera vöfflur og skera niður í strimla fyrir börn að halda á.

**Það sem þarf:**
**1 bolli hafrar**
**1 bolli möndlumjólk**
**Hálfur banani**
**Bláber**

Öllu er skellt í blandara og blandað vel saman. Vöfflujárn hitað vel og smurt með olíu. Það er gott að smyrja vöfflurnar með smjöri eða hnetusmjöri og bæta við ávöxtum eða berjum.




VEIÐIDÓT FYRIR ALLA
FLADEN
vöðlu tilboð með skóm
kr. 24.900
Fladen
Neoprene vöðlur
kr. 16.900
Veiðijakkar
mikið úrval
Shimano Combo
Sienna 2500 210cm
7fet Junior sett
kr. 15.900
Airflo Delta Classic
fluguveiðisett
kr. 29.900
Fladen Vantage Carbon
veiðisett
kr. 10.900
Shimano veiðihjól
mikið úrval
mikil gæði
kr. 24.900
Abu Garcia
Abumatic 170i
kr. 16.900
Fladen Maxximus F13
13 kúlulegur
Aukaspóla
kr. 13.900
Veiðisett fyrir unga fólkið
Orvis Ultralight Convertible
4ra laga öndunarvöðlur
margar stærðir
fyrir bæði konur og kalla
kr. 49.900
Veiðisett með
lokuðu hjóli og línu,
2 spúnar og sakka
125 cm
kr. 4.950
Stöng Lína á
hjóli 0,28 mm
Lokað kasthjól
Spúnn fylgir.
kr.4.950
Sett með útdraganlegri
165cm stöng
Lokað hjól með línu
spúnn fylgir
kr. 4.590
Vesturröst
Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is - vesturrost@vesturrost.is



Hressandi drykkur í góðu veðri.

## Mangó smoothie

Á sumrin er gott að fá sér hressandi smoothie. Sérstaklega ef hlýtt er í veðri. Hér er einn góður en uppkskriftin dugar í tvö glös.

**2 dl jógúrt**
**1 banani**
**1 mangó**
**100 g ferskur ananas**
**6 ísmolar**

Skerið ávextina í bita, setjið allt í blandara og maukið. Neytið strax.



Sumarlegt, holt og gott salat.

## Sumarsalat með mangó

Æðislega gott og frísklegt sumarsalat. Ekki er verra að það er hollt og með fáum kaloríum. Þetta salat er upplagt með kjöti eða sem hádegismatur, eitt og sér.

**Klettasalat**
**Mangó**
**Hindber eða granateplafræ**
**100 g möndlur**
**Hrein jógúrt**

Skolið salatið og þurrkið. Skerið mangóið í bita. Ristið möndlurnar. Setjið klettasalat á disk og raðið mangó og berjum. Mega vera alls konar ber, eftir smekk. Dreifið möndlum yfir og loks jógúrt. Í staðinn fyrir möndlur má nota hnetur. Salat er hægt að gera á svo marga vegu ef maður leyfir hugmyndafluginu að ráða.



Æðislegt grilluð melóna.

## Grilluð vatnsmelóna

Vissir þú að grilluð vatnsmelóna er einstaklega góð með fetaosti og klettasalati, jafnvel smá rauðlauk? Um að gera að prófa, hollt og gott.

Skerið vatnsmelónuna í sneiðar og kryddið létt yfir með chillipipar. Grillið melónu í nokkrar mínútur á báðum hliðum. Æðisleg í salatið eða sem eftirréttur.

# Litagleði á heimilinu

Litrík heimili geta svo sannarlega lífgað upp á hversdaginn. Sérstaklega á Íslandi þar sem er dimmt stóran hluta ársins. Hér eru nokkrar leiðir til að fylla heimilið af lit án þess að þurfa að taka upp pensil og henta mögulega íbúum leiguhúsnæðis sem ekki má mála.

Ef það má hengja upp myndir á veggina er sniðugt að hengja upp stórt litríkt málverk. Það eitt og sér getur verið nóg í lítilli íbúð. Það er alltaf hægt að bæta við litum með því að nota litrík teppi eða púða á sófann, litríkan borðdúk í eldhúsið og setja upp litríkar styttur og skrautmuni í glugga og hillur. Svo er hægt að skella fallega mynstruðu teppi á gólfið. Þá má líka skella upp gardínum í glaðlegum litum eða fjárfesta í litríkum sófa. Svo er um að gera að leita eftir hugmyndum á netinu og leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.



Hér fá litirnir að njóta sín. NORDICPHOTOS/GETTY



# Deildarstjóri hlaðdeildar
## Manager of Ramp Services




**Icelandair leitar að öflugum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf deildarstjóra hlaðdeildar. Starfsstöðin er á Keflavíkurflugvelli á fjölþjóðlegum vinnustað með á milli 270 og 400 starfsmenn, árstíðabundið.**

**Við leitum að jákvæðum, skipulögðum og lausnamiðuðum starfsmanni með reynslu í stjórnun.**

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á daglegum rekstri hlaðdeildar
- Áætlunargerð í samstarfi við forstöðumann sviðsins
- Mat á mannaflaþörf og niðurröðun verkefna
- Þátttaka í alþjóðlegum ráðstefnum og sýningum
- Stýra umbótaverkefnum í góðu samstarfi við starfsmenn hlaðdeildar
- Samskipti við aðrar deildir innan Icelandair og önnur fyrirtæki innan Icelandair Group
- Straumlínulögun og samræming verkferla deildarinnar
- Samskipti við viðskiptavini og erlenda birgja

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun eða menntun sem nýtist í starfi
- Að lágmarki tveggja ára reynsla af starfi innan fluggeirans er skilyrði
- Jákvætt hugarfar, framúrskarandi samskiptahæfni og brennandi áhugi á að skapa gott starfsumhverfi
- Góðir leiðtogahæfileikar og reynsla af því að leiða hópa er skilyrði
- Góð íslenskukunnátta er kostur en ekki krafa
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta, þekking á Outlook, Word, Excel og Powerpoint er skilyrði
- Sérstök áhersla er lögð á að umsækjendur hafi ríka öryggisvitund og áhuga á að vinna að umbótum á sviði öryggismála
- Mikið frumkvæði og frjó hugsun
- Öguð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Útsjónarsemi og heiðarleiki

**Nánari upplýsingar veita:**
Guðmundur Ólafsson | forstöðumaður | gudmunduro@icelandair.is
Svala Guðjónsdóttir | mannauðsstjóri | svala@icelandair.is

Icelandair is looking for a robust individual for an exciting and demanding position as Manager of Ramp Services. The position is based at Keflavik Airport in a multicultural workplace that employs between 270 and 400 employees, depending on seasonal requirements.

We are looking for a positive, organized and solution-focused employee with management experience.

**Responsibilities include but are not limited to:**
- Overseeing the day-to-day operations at Ramp Services
- Planning to meet operational needs, in collaboration with management
- Assessment of staffing requirements to ensure optimum staffing levels and assignment of tasks
- Participating in international conferences and exhibitions
- Managing improvement projects in close collaboration with Ramp Services employees
- Communication with other departments within Icelandair and other companies within the Icelandair Group
- Streamlining and coordinating department procedures
- Relations with customers and foreign suppliers

**Hiring standards:**
- A university degree and/or other education that is relevant to the job
- A minimum of two years working in the aviation field
- A positive mindset, excellent communication skills and a keen interest in creating a good working environment
- Good leadership skills and leadership experience are required
- Good Icelandic skills are an asset but not a requirement
- Excellent English skills are required
- Good computer skills, including knowledge of Outlook, Word, Excel and Powerpoint are required
- Special emphasis is placed on applicants having a strong focus on safety practices and continuous improvement in regard to security issues
- Proven ability to work independently and as part of a team
- Disciplined and excellent organizational skills
- Resourcefulness and honesty

**For further information, please contact:**
Guðmundur Ólafsson | KEF Ground Ops. Director | gudmunduro@icelandair.is
Svala Guðjónsdóttir | HR Manager | svala@icelandair.is

Vinsamlegast sækið um fyrir 16. ágúst 2019 með því að senda inn ferilskrá og kynningarbréf á ensku í gegnum **career.icelandair.is**.

Please apply via **career.icelandair.is** with a CV and cover letter in English no later than August 16, 2019.

ICELANDAIR

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna**

Capacent_

capacent.is

DIRTY BURGER & RIBS

# SUMAR TILBOÐ




**OSTBORGARI**
+ FRANSKAR + GOS
**1490 KR**

GILDIR LÍKA FYRIR PULLED PORK, VEGAN OG KJÚLLABORGARA

**200 G BEIKONBORGARI**
FRANSKAR + GOS
**1990 KR**

FJÖLSKYLDUTILBOÐ —
**2 OSTBORGARAR**
+ 2 BARNAMÁLTÍÐIR
+ STÓR FRANSKAR + 2L GOS
**3990 KR**

DIRTY BURGER & RIBS

MIKLUBRAUT + GNOÐAVOGI
(GILDIR EKKI Á AUSTURSTRÆTI)



Okkar yndislega
**Gunnhildur Vala Hannesdóttir**
læknir,
lést föstudaginn 26. júlí.
Útförin verður frá Dómkirkjunni í dag, 7. ágúst, klukkan 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Líf, styrktarfélag kvennadeildar Landspítala.

**Arnar Jan Jónsson**
**Ragnheiður Elín** **Þorgerður Anna**
**Elín J. Oddsdóttir**
**Hannes Þorsteinsson** **Sigrún Harðardóttir**
**Valgerður Anna Hannesdóttir**
**Agnes Nína Hannesdóttir**
**Oddur Krummi Magnússon**
**Jan Ólafsson** **Sveinbjörg Guðmundsdóttir**

## Mata Hari – frægasti kvennjósnarinn

Margaretha Geertruida Zelle, betur þekkt sem Mata Hari, var fædd þann 7. ágúst 1876, í Leeuwarden-borg í Hollandi. Hún giftist 18 ára Rudolf MacLeod kapteini eftir að hafa svarað einkamálaauglýsingu og fluttu þau til Austur-Indía. Þar nam hún indónesíska menningu og tók upp malajíska sviðsnafnið Mata Hari sem þýðir „auga dögunarinnar“.

Eftir skilnað hélt 26 ára gömul Mata Hari til Parísar til að leita gæfunnar. Sem nektardansmær varð hún fljótt vinsæl sem austurlensk dansstjarna og sagðist kynblönduð dóttir indónesísks prins. Hún var gleðikona og bóhem með mjög náin tengsl við áhrifamenn frá ýmsum ríkjum og ferðaðist því víða.

Hún fór víða í fyrra heimsstríði enda með vegabréf frá hlutlausu Hollandi. Hún dróst inn í heim njósna fyrir Frakka og Þjóðverja í stríðinu og var sökuð jafnt um þýskar sem franskar njósnir. Sumarið 1917 dæmdi franskur dómstóll hana til dauða fyrir njósnir í þágu Þjóðverja og var Mata Hari tekin af lífi af franskri aftökusveit 15. október 1917.





Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Una Ásgeirsdóttir**
Espigerði 4, Reykjavík,
lést mánudaginn 29.07.2019.
Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 14. ágúst klukkan 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess.

**María Marta Einarsdóttir**
**Kristín Einarsdóttir**
**Jón Ásgeir Einarsson** **Sólveig Gyða Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku mamma mín,
**Sigurveig Hanna Eiríksdóttir**
Sléttuvegi 17,
lést aðfaranótt 27. júlí sl.
Útför fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ þriðjudaginn 13. ágúst kl. 15.00.

**Margrét Eir Hönnudóttir**
**og fjölskylda.**



Sambýlismaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,
**Glen Ricardo Faulk**
lést 24. júlí síðastliðinn á Landspítalanum.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 9. ágúst klukkan 15.00.

**Aðalheiður Jóhannesdóttir**
**Sigrún Faulk**
**Hrafnhildur Faulk**
**Þóra Laufey Pétursdóttir**
**Arndís Kristjánsdóttir**
**Ólöf Kristjánsdóttir**
**tengdasynir og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir afi og langafi,
**Benedikt Hermannsson**
lést á heimili sínu, Dvalarheimilinu Lögmannshlíð, þann 20. júlí sl.
Útför fer fram í Akureyrarkirkju föstudaginn 9. ágúst kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimilið Lögmannshlíð.

**Lóa Sigurjónsdóttir**
**Sævar Benediktsson** **Ólöf Kristín Ólafsdóttir**
**Hermann Benediktsson** **Þórunn Ósk Kristjánsdóttir**
**Rannveig Benediktsdóttir** **Ómar Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar elskulegi eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,
**Sigurgeir Jónsson**
framhaldsskólakennari,
lést á gjörgæsludeild Landspítalans 1. ágúst.
Útförin fer fram frá Lindakirkju, Kópavogi, mánudaginn 12. ágúst klukkan 15.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeilda Landspítalans fyrir umönnun og góðvild.

**Guðrún S. Óskarsdóttir**
**Óskar Sigurgeirsson** **Ragnheiður Þorkelsdóttir**
**Arnar Jón Sigurgeirsson** **Helena Árnadóttir**
**Harpa, Emma og Orri Óskarsbörn**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Gunnar Albertsson**
Skagaströnd,
lést á Héraðshælinu á Blönduósi laugardaginn 26. júlí.
Jarðsungið verður frá Hólaneskirkju Skagaströnd föstudaginn 9. ágúst klukkan 14.
Þökkum auðsýnda samúð.

**Egill Bjarki Gunnarsson** **Hrönn Bergþórsdóttir**
**Bessi Gunnarsson** **Jóhanna G. Karlsdóttir**
**Björn Bragi Sigmundsson** **Ingibjörg Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
**Ragnar Jón Jónsson**
sem lést á Vífilsstöðum þann 23. júlí, verður jarðsunginn frá Lindakirkju í Kópavogi fimmtudaginn 8. ágúst kl. 13.00.

**Hilmar Ragnarsson**
**Jón G. Ragnarsson** **Guðrún H. Ágústsdóttir**
**Ágúst Ragnarsson** **Bergljót Benónýsdóttir**
**Bjarni Ó. Guðmundsson** **Þórdís K. Einarsdóttir**
**Ólafur Ragnarsson** **Guðbjörg Pétursdóttir**
**Ragnar H. Ragnarsson** **Katrín Ragnarsson**
**Heiðrún Ragnarsdóttir** **Ragnar F. Magnússon**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



Mín góða tvíburasystir og yndisleg móðursystir okkar,
**Helga Brynjólfsdóttir**
andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 22. júlí. Jarðsett var í kyrrþey.

**Bryndís Brynjólfsdóttir**
**Helga Bryndís, Þorbjörn og Brynjólfur Þór Jónsbörn**



Okkar ástkæri
**Baldvin Tryggvason**
fyrrverandi sparisjóðsstjóri,
verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju mánudaginn 12. ágúst kl. 13.
Blóm eru afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Halldóra J. Rafnar**
**Sveinbjörn I. Baldvinsson**
**Tryggvi M. Baldvinsson**



Ástkær sonur og bróðir,
**Ævar Þorbjörnsson**
lést á heimili sínu í Madison, Alabama, Bandaríkjunum þann 16. júlí sl.
Útförin fer fram í Bandaríkjunum.

**Aðstandendur:**
**Guðný Petrína McEnaney** **Matthew McEnaney**
**Þórður Þorbjörnsson** **Þuríður Þorkelsdóttir**
**Sigurður Þorbjörnsson** **Ásta Sigurðardóttir**
**Magnús Þorbjörnsson** **Sally Thorbjornsson**
**Christina Taber** **Curtis Taber**
**Matthew McEnaney** **Emily Gold**
**og fjölskyldur.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Jón Guðmundur Halldórsson**
Hraunbæ 176,
lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 31. júlí. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 8. ágúst klukkan 13.

**Sigrún R. Eymundsdóttir**
**Halldór Jónsson**
**Ómar Jónsson** **Guðrún B. Magnúsdóttir**
**J. Helena Jónsdóttir** **Guðmundur Símonarson**
**Björgvin S. Jónsson** **Rakel Þórisdóttir**
**Þóra Guðrún Karlsdóttir** **Páll Júlíus Gunnarsson**
**Örvar Karlsson** **Aðalheiður Rut Önundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Guðbrandur Þórir Kjartansson**
læknir,
Fjallalind 22, Kópavogi,
lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi miðvikudaginn 24. júlí. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju, miðvikudaginn 14. ágúst klukkan 13.

**Alda Gunnarsdóttir**
**Kjartan Guðbrandsson**
**Eydís Gréta Guðbrandsdóttir** **Kjartan Antonsson**
**Gunnar Örn Haraldsson** **Ásta E. Arnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



SKRIFBORÐSSTÓLAR
Í MIKLU ÚRVALI
-47%
-43%
-37%
FRAMLENGJUM
ÚTSÖLUNNI TIL 10. ÁGÚST
SUPPORT
með örmum
29.900 kr.
fullt verð 56.800 kr.
39.900 kr.
fullt verð 79.900 kr.
-36%
-25%
-50%
P90
með örmum
59.900 kr.
fullt verð 94.900 kr.
SITNESS 15
með örmum
69.900 kr.
fullt verð 93.900 kr.
W7 LIGHT
með örmum
79.900 kr.
fullt verð 157.900 kr.
ÚTSALA
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 3 |
| Ísafjörður | 5 | 6 |
| Akureyri | 7 | 4 |
| Egilsstaðir | 7 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 12 | 2 |
| Hveravellir | 7 | 6 |

Norðaustlæg eða breytileg átt 3-8 m/s, en 8-13 NV-lands. Skýjað með köflum og víða smá skúrir, en þurrt að kalla NV-til. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast SV-lands.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12 | 7 |
| Ísafjörður | 3 | 5 |
| Akureyri | 8 | 5 |
| Egilsstaðir | 10 | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 12 | 1 |
| Hveravellir | 4 | 5 |

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 | 5 |
| Ísafjörður | 5 | 5 |
| Akureyri | 6 | 4 |
| Egilsstaðir | 7 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 14 | 1 |
| Hveravellir | 4 | 7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 1 | 6 | 3 | |
| | 2 | 1 | | | 5 | 4 | | |
| 3 | 8 | 9 | 2 | | | 1 | | |
| 9 | | | | | 7 | | | 5 |
| | 6 | | | | | 7 | 4 | |
| | 5 | | 3 | 6 | | 8 | 1 | |
| 8 | 7 | | 6 | | | | 2 | |
| 2 | | | | | 3 | | | 4 |
| | 1 | | | | 9 | | 7 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 4 | 2 | | | | 6 |
| | | | 5 | 1 | | 3 | | |
| 1 | 3 | | | 7 | 9 | 2 | | |
| 5 | 2 | | | | 1 | | | |
| 3 | | | 8 | | | 1 | | 7 |
| | | 1 | | | 4 | | 3 | |
| | | 3 | 9 | | | | | |
| 7 | | | | | 5 | 6 | | |
| | | | | | 2 | | 5 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 6 | | | |
| | 8 | 3 | | 9 | | | 2 | 7 |
| | 5 | | 7 | | | 1 | 9 | |
| 6 | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | 5 | | | | |
| 3 | | | | | | 8 | | |
| | | | 9 | | | | | |
| | | | 8 | | 1 | 9 | 6 | |
| 8 | 1 | | | 6 | | | 7 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 ærslahlátur
5 aðstoð
6 tveir eins
8 land í Evrópu
10 átt
11 hress
12 tala
13 högg
15 svik
17 nötra

**LÓÐRÉTT**
1 kvarnast
2 lithimna
3 röst
4 hreinsi
7 fylki
9 fjærst
12 rófa
14 hlé
16 rún

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

LÁRÉTT: 1 fliss, 5 lið, 6 kk, 8 ítalía, 10 sa, 11 ern, 12 hnit, 13 slag, 15 tálsýn, 17 títra. LÓÐRÉTT: 1 flissar, 2 lithimna, 3 iða, 4 skíri, 7 kantóna, 9 lengst, 12 hali, 14 lát, 16 ýr.

## Skák Gunnar Björnsson

Gunnar Erik Guðmundsson (1.746) átti leik gegn Bartolomej Buchta (1.559) á EM ungmenna sem fram fer í Bratislava í Slóvakíu.

**10. Rg5! Bxg5 11. Bxb7 Rc6 12. Bxa8 Bxc1 13. Bxc6** og hvítur vann skömmu síðar. Fjórtán íslensk ungmenni taka þátt.

**www.skak.is:** EM ungmenna.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 4 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 5 | 6 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 4 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 3 | 9 | 4 | 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 8 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 7 | 6 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 6 | 8 | 5 | 2 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 6 | 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 8 |
| 1 | 8 | 9 | 4 | 5 | 3 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 3 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 3 | 2 | 7 | 6 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Fátt kemur á óvart

**BÆKUR**

**Ósköp venjuleg fjölskylda**
★★★☆☆
**Mattias Edvardsson**

**Þýðandi:** Tinna Ásgeirsdóttir
**Útgefandi:** Bjartur
**Fjöldi síðna:** 464

Í glæpasögunni Ósköp venjuleg fjölskylda kynnist lesandinn fjölskyldu sem virðist lifa fremur venjulegu lífi. Faðirinn er prestur, móðirin lögfræðingur og þau eiga unga dóttur sem dag einn er grunuð um morð. Foreldrarnir leggja vitaskuld allt kapp á að vernda dóttur sína og eru tilbúnir að ganga ansi langt í þeim efnum.

Fjölskyldumeðlimir skiptast á að segja söguna út frá sínu sjónarhorni. Fyrsta hluta sögunnar segir faðirinn. Það er óvenjulegt að sjá prest sem eina aðalpersónuna í glæpasögu. Hann er áhugaverðasta persóna bókarinnar og fjallar um trú sína og trúarhugmyndir auk þess að segja sögu fjölskyldunnar. Dóttirin segir síðan sína sögu og þar eru kynni af vondum karlmönnum æði fyrirferðarmikil. Síðasti hluti bókarinnar er frásögn móðurinnar sem situr réttarhöld yfir dóttur sinni ásamt eiginmanni sínum. Í eftirmála má svo finna vel gerðan snúning.




Ósköp venjuleg fjölskylda er læsileg og lipurlega skrifuð glæpasaga þar sem fjallað er um þær hættur sem steðja að ungum konum í nútíma samfélagi. Hún er dæmigerð MeToo-saga þar sem fátt kemur á óvart. Það má þó segja höfundinum til hróss að þótt sagan sé á köflum of formúlukennd gerir höfundurinn allt snyrtilega. Hann teygir þó lopann um of því rétt eins og fjölmargar glæpasögur sem streyma á markað er þessi bók of löng, tæpar 500 síður.

Það sem stendur upp úr í þessari sögu er persóna prestsins, föðurins, sem þarf að láta frá sér prinsipp sín til að vernda dóttur sína. Í bókinni er líka falleg lýsing á afar sterku vinkvennasambandi. Þess utan er söguþráðurinn svo kunnuglegur að ötulir glæpasagnalesendur hljóta að fá á tilfinninguna að þeir hafi lesið þetta allt saman áður. En þar sem þetta er bók um ungar konur eru þær sennilega sá markhópur sem bókin höfðar helst til. **Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Formúlukennd MeToo-glæpasaga þar sem fátt kemur á óvart, fyrir utan þá góðu hugmynd höfundar að gera prest að einni aðalpersónunni. Höfundur fær plús fyrir snúninginn í blálokin.




## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**7. ÁGÚST 2019**

### Tónleikar

**Hvað?** Hádegistónleikar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Schola cantorum flytur fallega, hátíðlega og skemmtilega dagskrá sem spannar vítt litróf frá miðöldum á Íslandi til vorra daga með viðkomu í íslenskum tvísöng auk þess sem nokkrar glæsilegar og þekktar perlur evrópskra tónbókmennta verða teknar til kostanna. Miðaverð er 2.700 kr.

**Hvað?** Sumarlög og fleira
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hólmavíkurkirkja
Söngsveit frá Dómkirkjunni í Lundi ásamt 3Klassískum og 1Prúðbúnum, syngja létt og skemmtileg sumarlög ásamt klassískum söngvum og sálmum.

### Viðburðir

**Hvað?** Leiðsögn
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Hálsatorg við Hamraborg í Kópavogi
Brynja Sveinsdóttir, verkefnastjóri safneignar og miðlunar Gerðarsafns, kynnir Sólarslóð, nýtt veggverk dönsku myndlistarkonunnar Theresu Himmel. Að lokinni kynningu á verkinu býðst gestum að fylgja Brynju yfir á Gerðarsafn þar sem hún fræðir gestu um annað verk Theresu: Innanhús framleiðsla I-III sem hefur bein tengsl við Sólarslóð og er unnið með sömu framleiðendum og Gerður Helgadóttir vann með í lifanda lífi.


**Sólarslóð, veggverk dönsku myndlistarkonunnar Theresu Himmel.**







# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### RÚV SJÓNVARP

**12.40 Sumarið**
**13.00 Útsvar 2016-2017 Borgarbyggð - Grindavík**
**14.10 Mósaík 1998-1999**
**15.00 Með okkar augum**
**15.30 Á tali hjá Hemma Gunn 1988-1989** Skemmtiþáttur þar sem Hemmi Gunn tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal. Slegið er á létta strengi, stiginn dans og sungið. Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur af fingrum fram. Stjórn útsendingar: Björn Emilsson. e.
**16.45 Tíundi áratugurinn**
**17.30 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps** Litið um öxl yfir 50 ára sögu Sjónvarps og fróðleg og skemmtileg augnablik rifjuð upp með myndefni úr Gullkistunni. Kynnir er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson.
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Tímon & Púmba**
**18.17 Sígildar teiknimyndir**
**18.24 Líló og Stitch**
**18.50 Hið sæta sumarlíf** Mette Blomsterberg er komin í sumarskap og töfrar fram einfalda og sumarlega eftirrétti. e.
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Sumarið**
**20.00 Feneyjatvíæringurinn 2019**
**20.30 Saman að eilífu**
**21.05 Á önglinum** Finnsk glæpaþáttaröð um fíkniefnalögreglumanninn Oskari sem fær óvænt heimsókn frá barnsmóður sinni, Kristu, sem hann hefur ekki séð í sextán ár. Krista er fyrrverandi eiturlyfjafíkill og kunnug undirheimum Helsinki og þau komast að leynilegu samkomulegi um að hjálpa hvort öðru. Aðalhlutverk: Tommi Eronen, Matleena Kuusniemi og Jussi Nikkilä. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 HM íslenska hestsins.** Samantekt frá keppni dagsins á HM íslenska hestsins sem fram fer í Berlín.
**22.40 Mennirnir sem rændu Evrópu** Danskur heimildarþáttur um það sem talist gæti verið stærsta rán sögunnar. Á margra ára tímabili hefur Evrópa orðið af fleiri milljörðum króna vegna skattsvika fjármálafólks frá London og Frankfurt. Ekki er vitað með vissu hversu umfangsmikið tapið er í allri Evrópu, en talið er að í þeim fimm löndum sem helst hafa orðið fyrir barðinu á þeim nemi tapið allt að átta þúsund milljörðum íslenskra króna. e.
**23.30 Haltu mér, slepptu mér**
**00.20 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.40 LPGA Tour**
**13.40 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**14.30 Wyndham Championship** Útsending frá Wyndham Championship á PGA-mótaröðinni.
**19.30 Golfing World**
**20.20 Barbasol Championship** Útsending frá lokadegi Barbasol Championship á PGA-mótaröðinni.
**22.20 The Open Specials**
**22.50 Golfing World**
**23.40 PGA Special. Tour Life** Áhugaverður þáttur um lífið í PGA.

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Fam**
**14.15 The Orville**
**15.00 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 American Housewife**
**20.10 George Clarke's Old House, New Home**
**21.00 Chicago Med**
**21.50 The Fix**
**22.35 Queen of the South**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 Proven Innocent**
**02.20 Get Shorty**
**03.20 Still Star-Crossed**
**04.05 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Sumarmál. Seinni hluti**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Meistari Morricone**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtalum heilbrigðisþjónustu**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Tengivagninn**
**17.00 Fréttir**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.30 Útvarp KrakkaRÚV Alheimurinn - Matur og næring**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva**
**20.30 Á reki með KK**
**21.30 Kvöldsagan. Hringsól**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
**23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.25 Norman**
**13.25 The Yellow Handkerchief**
**15.00 Experimenter**
**16.40 Norman**
**18.40 The Yellow Handkerchief**
**20.20 Experimenter**
**22.00 Rampage**
**23.50 Unforgettable**
**01.30 Tanner Hall**
**03.05 Rampage**

### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Mom**
**10.00 Fresh Off the Boat**
**10.20 Arrested Developement**
**10.45 The Last Man on Earth**
**11.10 Asíski draumurinn**
**11.45 Logi**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Á uppleið**
**13.25 Hvar er best að búa?**
**14.10 I Own Australia's Best Home**
**15.05 God Friended Me**
**15.50 Major Crimes**
**16.35 Stelpurnar**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.45 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**18.55 Veður**
**19.00 Víkingalottó**
**19.05 Modern Family**
**19.30 First Dates**
**20.20 Women on the Verge**
**20.50 Veronica Mars**
**21.40 Divorce**
**22.10 Wentworth**
**23.00 You're the Worst**
**23.25 L.A.'S Finest**
**00.10 Animal Kingdom**
**00.55 Euphoria**
**01.55 The Sinner**
**02.35 The Sinner**
**03.20 The Sinner**
**04.00 The Sinner**
**04.40 Next of Kin**
**05.25 Next of Kin**

### STÖÐ 3

**19.10 Mom**
**19.35 Schitt's Creek**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Two and a Half Men**
**21.15 The Last Ship**
**22.00 Westworld**
**23.10 iZombie**
**23.55 Grimm**
**00.40 Mom**
**01.05 Seinfeld**
**01.30 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.10 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni,
**07.40 Portsmouth - Birmingham** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**09.20 FH - ÍA** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**11.00 Liverpool - Manchester City** Útsending frá leik um Samfélagsskjöldinn 2019.
**12.40 Manstu**
**13.25 Bristol - Leeds** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**15.05 Football League Show**
**15.35 Portsmouth - Birmingham**
**17.15 FH - ÍA**
**18.55 Valur - Fylkir** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**21.15 Pepsi Max Mörk karla**
**22.45 Breiðablik - KA**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**17.50 Breiðablik - KA** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




# ÚTSALAN ER HAFIN!

# 50% ALLT AÐ AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

# Best klædd í vikunni sem leið

Nóg var um að vera hjá fræga fólkinu í síðustu viku og er hér samantekt um nokkra sem þóttu einstaklega smart. Hlaut leikkonan Margot Robbie mikið lof fyrir klæðaval sitt, en hún fylgir nú eftir sýningum á myndinni Once Upon a Time In Hollywood um heiminn.

Það var nóg að gera hjá Hollywood-stjörnunum í síðustu viku og af mörgu að taka. Eftirtaldar stjörnur þóttu þó skara sérstaklega fram úr í klæðavali sínu. Eva Longoria var sumarleg í New York í kjól sem var opinn í bakið og leikarinn viðkunnanlegi Michael B. Jordan var ekki hræddur við að klæðast skærappelsínugulum jakka. Elisabeth Moss var einstaklega glæsileg í svörtum pallíettukjól á frumsýningu nýjustu myndar sinnar, The Kitchen. **steingerdur@frettabladid.is**



Eva Longoria var glæsileg í þessum sumarlega kjól í New York.





Hin síunga Angela Bassett er flott í þessum samfestingi.



Black Panther leikarinn Michael B. Jordan var smart í appelsínugulu. MYNDIR/NORDIC PHOTOS/GETTY

Margot Robbie þótti skara fram úr í síðustu viku þegar kemur að klæðavali, en hún var viðstödd sýningu á nýjustu myndinni sem hún leikur í, Once Upon a Time In Hollywood.







Elisabeth Moss var flott í svörtum kjól á frumsýningu nýjustu myndar sinnar, The Kitchen.

ht.is

# RISA ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ MAGN!
SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á HT.IS

Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR HÚSAVÍK AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

# Tekur þátt í stærstu sviðslistahátíð heims



Uppistandarinn **Snjólaug Lúðvíksdóttir** tekur þátt í einni stærstu sviðslistahátíð heims, Fringe-hátíðinni í Edinborg. Snjólaug þarf að koma fram í 24 skipti á 26 dögum. Hún segir vel hafa gengið fyrir utan eina sýningu, þar sem þrír mættu.

Snjólaug Lúðvíksdóttir hefur verið uppistandari í sex ár og er um þessar mundir stödd í Edinborg í Skotlandi. Þar fer nú fram ein stærsta grín og sviðslistahátíð í heimi, Edinburgh Festival Fringe. Í borginni býr um hálf milljón en talið er að íbúafjöldinn fari upp í rúma milljón á meðan á hátíðinni stendur.

„Ég er smá að hoppa í djúpu laugina hérna í Edinborg. Ég er að sýna frumraun í uppistandi á eigin vegum hérna á Fringe Festival. Það er þá í fyrsta sinn sem uppistandari heldur uppi sinni eigin sýningu sem er 50 mínútur eða lengri,“ segir Snjólaug.

Sýningin heitir Let it snow.

„Ég komst inn hjá rosalega flottu fyrirtæki sem heitir Gilded Balloon og er eiginlega langstærsta svona grínbatteríið hérna í Skotlandi. Þau sjá svolítið um mig hérna úti og ég var mjög glöð að komast í samstarf með þeim.“

Sýning Snjólaugar er klukkan 20.30 að kvöldi, nánast hvern einasta dag hátíðarinnar, sem stendur í tæpan mánuð.

„Þetta eru sem sagt 24 sýningar á 26 dögum. Þetta er frekar mikið og getur verið mjög stressandi. Þó að ég sé bara klukkutíma á sviði þá kemst eiginlega ekkert annað að, þetta tekur alveg yfir allt. En það er búið að ganga vel. Ég er núna búin með sex eða sjö sýningar og bara ein af þeim gekk illa, eða það voru bara þrjár manneskjur í salnum,“ segir Snjólaug og bætir svo við: „Ég held reyndar að það sé eitthvað sem allir uppistandarar hérna þurfi að ganga í gegnum. Nokkurs konar manndómsvígsla inn í uppistandarasamfélagið.“

Snjólaug komst á skrá hjá Gilded Balloon með því að sækja um og senda þeim myndband.

„Þau velja alls ekki alla sem senda inn myndband, þannig að ég var mjög ánægð með þetta.“

Fyrirtækið er eitt af fjórum stórum umboðsskrifstofum í Edinborg sem sjá að mestu um Fringe-hátíðina, en hún fer fram árlega í ágúst.

**ÉG ELSKA AÐ VERA HÉRNA. ÉG HEF FARIÐ Á EINHVERJAR HLIÐARSÝNINGAR OG KOMST AÐ Á LATE'N'LIVE, SEM ER EIN STÆRSTA OG ELSTA MIÐNÆTURSÝNINGIN Á HÁTÍÐINNI.**

„Þetta er bara almenn sviðslista- og grínhátíð. Það eru líka leikrit og improv ásamt uppistandinu, sem er þó stærsti hluti hátíðarinnar. Þetta er ein stærsta grínhátíð í heimi. Hingað koma ekki bara þeir sem eru að koma fram því það mætir líka mikið af bransaliði. Það eru bara allir hérna,“ segir Snjólaug.

Hún segir þetta vera skemmtilega lífsreynslu þó að þetta sé líka algjör ringulreið.

„Ég elska að vera hérna. Ég hef farið á einhverjar hliðarsýningar og komst að á Late'n'Live, sem er ein stærsta og elsta miðnætursýningin á hátíðinni. Þar kom ég fram með tíu mínútna sett og eftir sýninguna dreifir maður svo miðum um eigin sýningu til þeirra sem hafa áhuga.“

Snjólaug hefur hingað til komið mest fram með styttri uppistönd og þá á kvöldum ásamt uppistöndurum á borð við Bylgju Babýlons og Hugleik Dagsson.

„Mig langar mikið að sýna Let it snow heima, þá á íslensku. Ég er þó ekki alveg búin að ákveða það. Svo er ég líka stundum á Secret cellar, ég æfði mig þar fyrir Fringe í alveg tvo mánuði.“

Hún hefur í nógu að snúast á næstunni og er vinsæll veislustjóri.

„Svo er ég bókuð á mjög flotta tónlistarhátíð sem heitir End of the road. Þar kem ég fram með stórum nöfnum á borð við David O'Doherty, Fern Brady, Jamali Maddix. Ég held þangað um leið og Fringe lýkur,“ segir Snjólaug.

**steingerdur**
**@frettabladid.is**




Snjólaug kemur fram í 24 skipti á Fringe-hátíðinni í Edinborg í Skotlandi núna í ágúst. MYND/ALDÍS PÁLSDÓTTIR

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*





ENN HOLLARI OLÍA
það byrjar allt með fjórum fræjum
Lesieur
isio 4
OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN
ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI
4 GRAINES
dont du LIN
Riche en Oméga 3
VITAMINES D&E
Lesieur
isio 4
ORIGINE FRANCE*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**



Bjarna Karlssonar

## Dæmisaga

Fyrir nokkrum árum heyrði ég sögu sem ég finn hvergi á prenti en þykist vita að sé eftir hinn merka indverska hagfræðing og Nóbelsverðlaunahafa Amartya Sen. Hún fjallar um gildi þess að ráða sér sjálfur:

Maður nokkur vaknaði einn í húsi sínu því að maki hans og börn voru í burtu. Þá sagði hann við sjálfan sig: Nú tilkynni ég mig veikan í vinnunni, dreg fyrir alla glugga, hef ekki samband við nokkurn mann og nýt þess að vera einn heima í allan dag. Á morgun fer ég til vinnu eins og ekkert hafi í skorist.

Sem hann gengur fram í eldhús að sækja sér kaffi og gera þessar ráðstafanir rekur hann augun í lítinn gulan miða á útidyramottunni sem settur hefur verið inn um bréfalúguna. Hann tekur upp miðann og sér þar nafn sitt skráð með eftirfarandi skilaboðum: Í dag skalt þú tilkynna þig veikan í vinnunni, draga fyrir alla glugga og ekki hafa samband við nokkurn mann. Á morgun mætir þú svo aftur til vinnu eins og venjulega. Ef þú gerir þetta fer allt vel. Annars sérð þú fjölskyldu þína aldrei framar.

Hver er munurinn á kjörum mannsins í þessu ljósi? spyr sögumaður. Er hann ekki bara heppinn að geta áhyggjulaus notið dagsins nákvæmlega eins og til stóð? Auk þess þarf hann nú ekki að hafa slæma samvisku af því að ljúga sig veikan. Nei, við finnum að þannig er það ekki. Í stað þess að hafa með sjálfan sig að gera er maðurinn valdsviptur og það sem vera átti ósvífin og endurnærandi hvíld verður óttaleg bið án sjálfsforræðis.

Í dæmisögunni er maðurinn settur í þá skelfilegu stöðu að vera annaðhvort sviptur sjálfsforræði sínu eða nánustu ástvinum. En þetta tvennt, persónulegur atbeini og örugg tengsl, er það sem gefur lífi okkar tilgang. Án annars verður hitt ekki fullnægjandi.








